

ÚTTEKT Á STARFSEMI


leikskólans Sólvalla í Grundarfirði

Unnið á vegum Námsmatsstofnunar fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið

10. júní 2013

ATTENTUS
mannauður & ráðgjöf

Árný Elíasdóttir, Arndís Vilhjálmsdóttir og Svava
Bernhard Sigurjónsdóttir



Úttekt þessi er unnin á vegum Attentus - mannaður og ráðgjöf fyrir Námsmatsstofnun. Skýrsluhöfundar þakka stjórnendum, starfsfólki, börnum, foreldrum, skólanefnd, skólaskrifstofu og bæjarstjóra fyrir aðstoðina við gagnaöflun og samstarf á meðan á úttektinni stóð.

Reykjavík, 10. júní 2013

Árný Elíasdóttir, Arndís Vilhjálmsdóttir og Svava Bernhard Sigurjónsdóttir

EFNISYFIRLIT

EFNISYFIRLIT	2
SAMANTEKT Á NIÐURSTÖÐUM	5
1. INNGANGUR	7
1.1. GAGNAÖFLUN	7
2. LEIKSKÓLINN OG UMHVERFI HANS	8
2.1. HELSTU EINKENNI LEIKSKÓLANS	8
2.2. SKÓLASTEFNA OG ÁHERSLUR SVEITARFÉLAGSINS	8
2.3. HUGMYNDAFRÆÐI, STEFNA OG HELSTU ÁHERSLUÞÆTTIR LEIKSKÓLANS.....	8
2.4. INNLEIÐING LAGA OG REGLUGERÐA	9
2.5. HÚSNÆÐI SKÓLALÓÐ OG AÐBÚNAÐUR.....	9
2.5.1. Húsnæði og aðbúnaður	10
2.5.2. Skólalóð	11
2.5.3. Eftirlit, öryggi og slysavarnir	12
2.6. MAT ÚTTEKTARÆÐILA.....	13
3. STJÓRNUN OG REKSTUR	16
3.1. STJÓRNSKIPULAG OG SKIPURIT	16
3.2. STARFSÁÆTLUN	18
3.3. MAT ÚTTEKTARÆÐILA.....	18
4. SKÓLANÁMSKRÁ LEIKSKÓLA	19
4.1. SKÓLANÁMSKRÁ LEIKSKÓLANS.....	19
4.2. TENGL SKÓLASTIGA	20
4.3. MAT ÚTTEKTARÆÐILA.....	20
5. MANNAUÐUR	21
5.1. MÓTTAKA NÝLIÐA.....	21
5.2. STARFSÞJÁLFUN OG SÍMENNTUN	21
5.3. FUNDIR OG BOÐSKIPTI	22
5.4. MAT ÚTTEKTARÆÐILA.....	23
6. UPPELDI, MENNTUN OG UMÖNNUN	24
6.1. NEMENDUR.....	24
6.2. DAGLEGT STARF LEIKSKÓLANS.....	24
6.3. LEIKUR OG NÁM.....	25

6.4. LEIKEFNI OG EFNIVIÐUR	26
6.5. LÍÐAN NEMENDA.....	27
6.6. LÝÐRÆÐI OG MANNRÉTTINDI	27
6.7. SAMSKIPTI AGI OG HEGÐUN.....	28
6.8. SKÓLAPRÓUN.....	29
6.9. MAT ÚTTEKTARAÐILA.....	29
7. SKÓLABRAGUR OG SAMSKIPTI	31
7.1. STARFSANDI OG SAMSKIPTI.....	31
7.2. JAFNRÉTTI	32
7.3. ÞÁTTTAKA OG ÁHRIF	33
7.4. EINELTI.....	33
7.5. MAT ÚTTEKTARAÐILA.....	34
8. LEIÐARLJÓS, GRUNNÞÆTTIR MENNTUNAR OG NÁMSSVIÐ LEIKSKÓLA.....	35
8.1. SAMÞÆTT OG SKAPANDI SKÓLASTARF.....	35
8.1.1. Námsvið leikskóla	36
8.2. MAT ÚTTEKTARAÐILA.....	37
9. INNRA MAT	38
9.1. FRAMKVÆMD OG ÁBYRGÐ	38
9.2. ÞÁTTTAKA OG ÁHRIF	38
9.3. EFTIRFYLGNI OG KYNNING Á NIÐURSTÖÐUM.....	39
9.4. MAT ÚTTEKTARAÐILA.....	39
10. FORELDRASAMSTARF OG YTRI TENGL	40
10.1. FORELDRARÁÐ.....	40
10.2. FORELDRAFÉLAG.....	41
10.3. LÝÐRÆÐI OG ÞÁTTTAKA.....	41
10.4. SAMSKIPTI VIÐ HEIMILIS OG GRENNDARSAMFÉLAG.....	41
10.5. MAT ÚTTEKTARAÐILA	42
11. SÉRKENNSLA BARNNA OG SÉRFRÆÐIÞJÓNUSTA SVEITARFÉLAGSINS.....	43
11.1. SÉRKENNSLA BARNNA.....	43
11.2. SÉRFRÆÐIÞJÓNUSTA SVEITARFÉLAGSINS.....	44
11.3. MAT ÚTTEKTARAÐILA	44
12. MAT OG EFTIRLIT SVEITARFÉLAGSINS	46
12.1. MAT ÚTTEKTARAÐILA	47

13. NIÐURSTÖÐUR HÖFUNDA.....	48
13.1. STYRKLEIKAR OG VEIKLEIKAR.....	48
13.2. ÓGNANIR OG TÆKIFÆRI	49
13.3. TILLÖGUR AÐ AÐGERÐUM TIL ÚRBÓTA.....	50
13.3.1 <i>Tillögur til úrbóta á aðkomu sveitarfélagsins</i>	<i>50</i>
13.3.2. <i>Tillögur til úrbóta á starfi skólans.....</i>	<i>51</i>
HEIMILDIR.....	52
VIÐAUKAR.....	54
VIÐAUKI 1- HEILDARNIÐURSTÖÐUR STARFSMANNAKÖNNUNAR Á MEÐAL STARFSMANNA LEIKSKÓLANS SÓLVALLA.....	54

SAMANTEKT Á NIÐURSTÖÐUM

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir úttekt á starfsemi leikskólans Sólvalla í Grundarfirði. Markmið úttektarinnar er að leggja mat á starfsemi leikskólans með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrá. Úttektin er gerð á grundvelli 20. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Lagt er mat á stjórnun, skipulag og stefnu skólastarfsins og gerð grein fyrir því hvernig innra og ytra mat leikskólans ásamt eftirliti sveitarfélagsins nýtist honum¹. Sérstaklega var óskað eftir mati á stjórnun, starfsháttum og starfsmannamálum (1).

Leikskólinn Sólvellir er í Grundarfirði og tók til starfa árið 1977. Í leikskólanum eru 56 börn og 10 starfsmenn, allt konur, þ.a. 25% leikskólakennarar. Tölur um starfsmannaveltu árið 2012 liggja ekki fyrir. Deildirnar eru tvær með 28 börnum á eldri deild og 28 á yngri deild. Sveitarfélagið hefur ekki sett sér skólastefnu en leikskólinn starfar eftir hugmyndafræði Dewey. Hugmyndafræði, stefna og áherslupættir leikskólans voru mótuð árið 2003 og taka því ekki mið af nýrri aðalnámskrá frá árinu 2011. Helstu áhrif hagræðingaraðgerða í kjölfar efnahagshrunsins á starfsemi leikskólans eru yfirvinnubann og sparnaður við innkaup á leikefni. Leikskólinn uppfyllir að flestu leyti lög og reglugerðir um húsnæði og aðbúnað en ekki kröfur starfsmanna og foreldra. Að þeirra sögn hentar húsnæði leikskólans illa fyrir yngstu börnin sem eru eins árs, skiptiaðstaða sé ófullnægjandi og viðhald skorti. Einnig er starfsmannaaðstaða ófullnægjandi hvað varðar salernis- og sturtuadstöðu. Þá þarfnast skólalóð einnig viðhalds og vatnssöfnun þar virðist vera vandamál.

Rýmingar- og viðbragðsáætlanir liggja fyrir en þó skortir nokkuð á að verkferlar séu skýrir varðandi slys og veikindi. Skólanefnd sem starfar á vegum sveitarfélagsins gegnir hlutverki sínu vel og heldur reglulega fundi. Ekki ríkir almenn sátt um stjórnun skólans, skólabragur hefur liðið fyrir hvernig tekið hefur verið á erfiðu máli sem upp kom á seinasta ári en fer batnandi. Starfslýsingar fyrir flesta starfsmenn liggja fyrir. Starfsmannahandbók er til en er ekki í virkri notkun og hana þarf að uppfæra. Verkferlar eru fáir og semja þarf fleiri, samræma þá, kynna og fylgja eftir. Aðkoma almennra starfsmanna að stjórnun skólans er nokkur en mætti vera skipulagðari. Skriflegt mat um skólann er ekki til. Hvorki hefur verið gefin út ársskýrsla né ársáætlun. Skólanámskrá leikskólans er frá árinu 2003. Hún var endurskoðuð síðast árið 2008 en ekki tóku allir starfsmenn þátt í endurskoðuninni. Skólanámskráin hefur ekki verið löguð að aðalnámskrá 2011 né lögum og reglugerðum frá árinu 2008.

Gott samstarf er við Grunnskóla Grundarfjarðar. Símenntunaráætlun liggur fyrir en endurmenntun starfsfólks er ómarkviss. Starfsmannasamtöl eiga að vera árlega en því hefur ekki verið fylgt eftir. Ekki er til ferli um móttöku nýrra starfsmanna. Fundir og

¹ Erindisbréf vegna úttektar á leikskólanum Sólvöllum.

boðskipti eru þökkaleg. Dagskipulag er til staðar og er almenn sátt um það innan leikskólans. Aðlögun barna hefur gengið vel. Námsmarkmið og agastefna liggja að einhverju leyti fyrir en eru ekki samræmd. Vægi frjálssa leiksins er nægilegt. Aðkoma barna að ákvörðunum innan leikskólans virðist ekki mikil. Auka þarf umræðu um nám og kennsluáðferðir innan leikskólans og nýta má mannauð betur til starfa á þeim sviðum sem helstu styrkleikar hans eru á. Innra og ytra mat vantar sbr. lög, aðalnámskrá og skólanámskrá. Foreldraráð er ekki við leikskólann en foreldrafélag er virkt og stendur fyrir reglulegum uppákomum. Foreldralýðræði er ekki mikið. Aðgangur skólans og foreldra að sérfræðiþjónustu er að mestu leyti í samræmi við ákvæði reglugerðar um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga. Einstaklingsáætlanir eru ekki gerðar fyrir alla nemendur í sérkennslu. Almenn ánægja er með sérfræðiþjónustuna hjá þeim sem á henni hafa þurft að halda. Mikið samstarf er við grenndarsamfélagið og gott samstarf við heilsugæsluna.

Leikskólinn er hvattur til að endurskoða stefnu skólans og skólanámskrá með aðkomu allra hagsmunaaðila, sett verði tímasett aðgerðaráætlun um endurskoðun. Stjórnendur hans hugi að bættum stjórnunar- og starfsháttum, auki eftirfylgni, skipulag og skili faglegum og formlegum skýrslum til sveitarfélagsins s.s. ársskýrslu og ársáætlun. Endurskoða þarf verkferla skólans og kynna þá öllum hagsmunaaðilum. Starfslýsingar, þar sem verk- og ábyrgðaskipting stjórnenda kemur skýrt fram, verði gerðar, þær kynntar fyrir starfsfólki og verði þeim aðgengilegar, áætlanir, stefnur og handbækur verði endurskoðaðar reglulega með þátttöku starfsmanna og kynntar hluthafandi aðilum að þeirri vinnu lokinni. Skólinn setji sér stefnu um val á leikefni og efniviði, fagleg umræða um nám og kennsluáðferðir skólans verði aukin og mannauður skólans nýttur á þeim sviðum sem styrkleikar hans eru á. Þátttaka barna og lýðræðisleg áhrif verði aukin. Upplýsingum og fræðslu um hlutverk foreldraráðs verði komið á framfæri við foreldra, ráðið virkjað og þátttöku foreldra fundinn farvegur. Gerðar verði einstaklingsáætlanir fyrir alla nemendur sem þurfa sérkennslu, endurskoða þarf hvernig tekið er á eineltismálum, nýjar leiðir til að koma upplýsingum á framfæri verði skoðaðar og innra mat verði framkvæmt innan skólans í samræmi við aðalnámskrá, lög og reglugerðir. Lagt er til að sveitarfélagið geri sem fyrst skólastefnu með aðkomu allra hagsmunaaðila, auki eftirlitshlutverk sitt m.a. með ytra mati, skólalóð verði tekin út árlega af óháðum aðila líkt og lög gera ráð fyrir. Gert verði áhættumat sérstaklega með tilliti til staðsetningar skólans. Sveitarfélagið leiti leiða til að sátt ríki innan leikskólans um stjórnun hans, auki endurgjöf, samstarf við stjórnendur og leiti leiða til að efla þá í starfi, skoði aðbúnað og tækjakost yngstu barnanna á leikskólanum í samvinnu við stjórnendur og leiti leiða svo niðurskurður hafi ekki áhrif á faglegt starf. Stuðlað verði að því að auka hlutfall faglærðra starfsmanna innan leikskólans. Skoðað verði hvort ráða beri í stöðu leikskólafulltrúa á vegum sveitarfélagsins eða Félags- og skólaþjónustu Snæfells.

1. INNGANGUR

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir úttekt á starfsemi leikskólans Sólvalla í Grundarfirði. Úttektin er gerð á grundvelli *20. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008* og samkvæmt þriggja ára áætlun mennta- og menningarmálaráðuneytisins um úttektir á leikskólastigi. Markmið úttektarinnar er að leggja mat á starfsemi leikskólans með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrá. Í úttektinni er m.a. lagt mat á stjórnun, skipulag og stefnu skólastarfsins auk þess sem gerð er grein fyrir hvernig innra og ytra mat leikskólans ásamt eftirliti sveitarfélagsins nýtist honum².

Námsmatsstofnun fól Attentus – mannauði og ráðgjöf að gera úttektina³. Í skýrslu þessari er í upphafi sagt frá gagnaöflun og aðferðum við úttektina. Síðan er gerð grein fyrir leikskólanum Sólvöllum og niðurstöðum úttektarinnar, styrkleikum, veikleikum, ógnunum og tækifærum skólans. Að lokum er samantekt á niðurstöðum og tillögur til úrbóta.

1.1. Gagnaöflun

Tekin voru viðtöl við leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra, sem einnig gegnir starfi deildarstjóra, deildarstjóra, sérkennara, einn kennara, sjö starfsmenn, átta börn og sjö foreldra. Þá var fundað með bæjarstjóra, sex fulltrúum skólanefndar og skólaskrifstofu. Alls var rætt við 29 einstaklinga. Leikskólinn var heimsóttur tvisvar sinnum og húsnæði og lóð skoðuð. Markmiðið með viðtölum, vettvangsskoðun og rýnihópum var að fá fram viðhorf mismunandi aðila til leikskólastarfsins og var stuðst við viðtalsramma sem tók mið af þeim þáttum sem mat Námsmatsstofnunar beindist að. Óskað var eftir gögnum frá leikskólanum í samræmi við efnisyfirlit skýrslu og fékk leikskólastjóri gátlista til að styðjast við. Gögn voru misjöfn að gæðum. Auk ofangreindra þátta byggir úttektin á lögum og reglugerðum um leikskóla, skólanámskrá leikskólans og gögnum um starfsemi hans (sjá nánar í heimildaskrá).

² Erindisbréf vegna úttektar á leikskólanum Sólvöllum

³ Erindisbréf vegna úttektar á leikskólanum Sólvöllum

2. LEIKSKÓLINN OG UMHVERFI HANS

Starfsemi leikskólans Sólvalla hófst í janúar 1977 í húsnæði Grunnskóla Grundarfjarðar. Stóð Rauðakrossdeildin í samvinnu við sveitarfélagið að starfinu. Árið 1976 var ákveðið að byggja leikskóla að Sólvöllum 1 og í nóvember árið 1979 var hann svo formlega opnaður. Um var að ræða eina deild fyrir 21 barn í einu, fyrir og eftir hádegi. Í júní 1992 var vígð viðbygging og í september sama ár var boðið upp á lengri og sveigjanlegan dvalartíma og mat í hádeginu. Síðasta viðbyggingin var tilbúin í september 2006 en hún kom til þar sem eldhús- og starfsmannaaðstöðu vantaði. Þá var leikskólinn orðinn 440 fermetrar. Fjöldmörg styrktarfélög, fyrirtæki og einstaklingar hafa styrkt leikskólann í gegnum tíðina (2).

2.1. Helstu einkenni leikskólans

Leikskólinn Sólvellir er staðsettur miðsvæðis í Grundarfjarðarbæ, í miklu návígi við atvinnusvæði bæjarins, á milli matvörubúðar og útgerðarsvæðis. Sólvellir eru í dag tveggja deilda leikskóli fyrir börn frá eins árs aldri. Deildirnar eru Útsveit og Framsveit (3). Leikskólinn er aldurskiptur, Útsveit er með börn á aldrinum eins árs til þriggja ára og Framsveit er með börn frá þriggja ára til sex ára, alls 56 börn (3). Við leikskólann starfa 20 starfsmenn í 17,5 stöðugildum. Sólvellir byggir sína sérstöðu í uppeldisstarfinu m.a. á því að skólinn er í nálægð við náttúruna og sjóinn. Farið er í fjöruferðir við Torfabótina og fyrir neðan Grundargötu, upp í gil og í Þríhyrninginn (3).

2.2. Skólastefna og áherslur sveitarfélagsins

Að sögn fulltrúa sveitarfélagsins er skólastefna þess ekki til. Vonast er þó til að vinnu við hana verði lokið innan árs. Engin aðgerðaráætlun er til um vinnuna en þó er búið að veita fjármagni í gerð hennar. Að sögn fulltrúanna er ljóst að að gerð hennar munu koma allir hagsmunaaðilar, þ.e.a.s. starfsfólk skólanna, foreldrar og fleiri.

2.3. Hugmyndafræði, stefna og helstu áherslur þættir leikskólans

Starfsemi Sólvalla byggir á kenningum Dewey. Samkvæmt kenningum hans felst nám barna fyrst og fremst í því að þau fái að upplifa og prófa hluti á eigin forsendum, þannig læri þau af reynslunni (3). Að sögn stjórnenda var stefnan líklega innleidd árið 2003 en það gæti hafa verið fyrr. Stefna leikskólans var mótuð af starfsmönnum (4). Árið 2005 gekk leikskólinn til liðs við verkefnið *Skólar á grænni grein* og fékk Grænfánann 7. nóvember 2007. Fáninn er veittur til tveggja ára í senn. Ekki hefur verið sótt um hann aftur en leikskólinn vinnur áfram á *Grænni grein* og hefur m.a. sett sér umhverfissáttmála. Umhverfisnefnd er starfandi á leikskólanum og fer hún yfir stöðuna hverju sinni (2).

Leikskólinn hefur sett sér áhersluþætti eða markmið sem unnið er með í lengri eða skemmri tíma. Lögð er áhersla á frjálsa leikinn, vistvænt umhverfi, skapandi starf, sýnilegt ritmál, markvissa málörvun, samvinnu, samskipti, vináttu, virðingu, hreyfingu og útiveru. Venjubundnar athafnir daglegs lífs í leikskólanum mótast af andlegum og líkamlegum þörfum og heilsu barnanna (3). Unnið er með lífsleikni og dygðanám. Einkunnarorð Sólvalla eru vináttu, virðing og velvild (2). Unnið er eftir hefðbundinni skipulagðri dagskrá á leikskólanum.

Stefna leikskólans hefur ekki verið endurskoðuð m.t.t. aðalnámskrár leikskóla frá árinu 2011 en að sögn stjórnenda er leikskólinn þó aðeins byrjaður að skoða það. Skólastefna sveitarfélagsins í leikskólamálum liggur ekki fyrir eins og áður sagði (4). Að sögn starfsmanna eru þeir ekki nægilega vel upplýstir um hugmyndafræði, stefnu og áherslur leikskólans sem ekki hafa verið endurskoðuð reglulega og breytt eftir þörfum. Að þeirra sögn vantar upp á að stefnan sé kynnt nýjum starfsmönnum. Lengi hafi verið í deiglu að endurskoða hana en til þess hafi ekki gefist tími. Þá hafi einnig tafið fyrir endurskoðun að ekki sé búið að móta skólastefnu sveitarfélagsins fyrir leikskóla. Að sögn stjórnenda hefur ekki verið verið farið yfir stefnu leikskólans með starfsmönnum í langan tíma og það þurfi að taka á því. Að þeirra sögn er stefna leikskólans aðgengileg í námskrá leikskólans og í ferlimöppum. Hún sé ekki aðgengileg með öðrum hætti á netinu en í skólanámskránni og sé það viljandi gert þar sem eftir eigi að endurskoða hana.

2.4. Innleiðing laga og reglugerða

Leikskólastjórnendur segja lög um leikskóla frá árinu 2008 og reglugerðir ekki hafa verið innleiddar og því hafi þeir ekki fundið fyrir breytingum í kjölfar þeirra. Að sögn allra starfsmanna leikskólans hefur niðurskurður komið fram á leikskólanum í kjölfar efnahagshrunsins í formi breytinga á opnunartíma og yfirvinnubanns. Starfsmenn bentu einnig á að viðhald og eftirlit hafi versnað og að mikið aðhald hafi verið í efnisinnkaupum til leikskólans. Foreldrar bentu á að lokunartími yfir sumar lengdist svo og páskafrí og jólafrí þar sem greiða þurfti starfsmönnum út frídaga sem þeir höfðu unnið sér inn vegna yfirvinnubanns. Að sögn fulltrúa sveitarfélagsins var leikskólinn varinn í niðurskurði í kjölfar efnahagshrunsins. Yfirvinnubann hafi þó verið í gildi en að öðru leyti hefði efnahagshrunið engin áhrif haft á rekstur leikskólans.

2.5. Húsnæði skólalóð og aðbúnaður

Samkvæmt 12. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 skal gerð leikskólahúsnæðis skal taka mið af þörfum barna og þeirri starfsemi sem fram fer í leikskóla. Leggja skal áherslu á öruggt og rúmgott náms- og starfsumhverfi. Húsnæði og allur aðbúnaður skal taka mið af því að tryggja öryggi og vellíðan barna og starfsfólks, svo sem hvað varðar húsbúnað, hljóðvist, lýsingu og loftræstingu.

Gert skal sérstaklega ráð fyrir rými fyrir sérfræðiþjónustu vegna barna með sérþarfir og vinnuaðstöðu starfsfólks⁴

Samkvæmt leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra eru húsnæði og útisvæði leikskólans að langmestu leyti í samræmi við lög og reglur. Undantekning á því sé þó að ekki er til staðar hreyfisalur í húsnæði skólans. Hins vegar hefur leikskólinn aðgang að hreyfisal í samkomuhúsi Grundarfjarðarbæjar. Þá nefndu stjórnendur einnig að húsnæðið sé ekki hannað fyrir eins árs börn. Það samanstandi af tveimur stórum deildum en þær ættu helst að vera þrjár.

Fulltrúar sveitarfélagsins vita ekki til annars en að húsnæðið og útisvæði leikskólans sé í samræmi við lög og reglur. Athugasemdir hafi komið frá Vinnueftirlitinu en brugðist hafi verið við þeim. Þó segjast þeir vita af því að endurnýjunar þurfi við og það verði gert þegar fjárhagur leyfi. Ekki hafa verið kostaðar úttektir á leiksvæðum þar sem það hafi verið metið of dýrt.

2.5.1. Húsnæði og aðbúnaður

Húsnæði skólans er 401.3 m². Byggt hefur verið tvisvar við skólann, fyrst árið 1992 og aftur árið 2006 (5). Í lýsingu frá leikskólastjóra (6) segir að Framsveit (eldri deildin) skiptist í þrjú herbergi, sal og salerni. Útsveitin (yngri deildin) skiptist í fjögur herbergi, sal og salerni. Einnig var til staðar sameiginleg föndurstofa fyrir báðar deildirnar en þar sem leikskólinn er með svo mörg ung börn hefur hún verið notuð sem leikstofa. Í leikskólanum er eldhús ásamt búri, þvottaherbergi og lítilli geymslu. Í eldhúsinu er eldaður matur fyrir nemendur og starfsfólk leikskólans, 78 manns, og nýlega var farið að elda mat fyrir nemendur og kennara grunnskólans um 80 manns.

Lögð var fyrir könnun meðal starfsfólks á viðhorfi þeirra til húsnæðis og aðbúnaðar í mars 2012 sem var hluti af Ecerskvarðanum (7). Niðurstöður úr þeirri fyrirliðgn má sjá í töflu 1 (8). Að sögn foreldra hafa ekki hafa verið lagðar fyrir kannanir meðal þeirra um húsnæði og aðbúnað.

Tafla 1. Niðurstöður Ecerskvarðans fyrir þáttinn rými og aðbúnaður⁵

Atriði	Meðaltal
Húsgögn notuð í daglegu lífi	5,4
Búnaður til leiks og náms	3,8
Búnaður fyrir rólegheit/slökun	4,6
Skipulag húsnæðis/rýmis	5,3
Tími og rými til að vera einn og í friði	4,4
Rými og búnaður fyrir grófhreyfingar	4,8
Aðgengi efniviðar/leikefnis fyrir börnin	4,4
Rými og aðbúnaður alls	4,7

⁴ Lög um leikskóla nr. 90/2008,12.gr.

⁵ Ecerskvarðinn nær frá 1 og upp í 7, þar sem 1 þýðir ófullkomið og 7 þýðir mjög gott.

Að sögn leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra hefur húsnæði og aðbúnaður leikskólans batnað mikið. Til dæmis sé starfsmannaaðstaða almennt góð og verið sé að endurnýja tölvubúnað. Helsta aðfinnsluatriðið er að þeirra mati að salernisaðstaða starfsmanna er ekki góð en eitt salerni er fyrir þá 20 starfsmenn sem þar starfa núna. Þá sé skiptiaðstaða fyrir yngstu börnin ekki góð. Í sama streng taka deildarstjórar og kennarar. Þeir voru á einu máli um að aðstaða fyrir eldri börn væri góð en ekki væri sama að segja um aðstöðu fyrir yngri börnin, aðstæður væru löngu hættar að leyfa að eins árs börn væru tekin inn á leikskólann.

Í rýnihópi annarra starfsmanna skólans kom fram að eftir að eins árs árgangurinn var tekinn inn varð húsnæðið of lítið. Einnig kom fram að engin sturtuadstaða væri til staðar fyrir starfsfólk eða fataklefi. Starfsmenn voru einnig sammála öðrum um að salernisaðstaða starfsfólks væri ekki góð. Leikskólastjórnendur, deildarstjórar og trúnaðarmaður leiðbeinanda gerðu athugasemdir við þetta og bentu á að fatahengi væri í anddyri starfsmanna þar sem „fólk geymir þær yfirhafnir sem þeir koma í, í vinnuna. Í fataherbergi nemenda er fatahengi frekar lítið og sett var upp aðstaða fyrir útigalla í geymslu sem er opin inn í fataherbergið.“ (9)

Í rýnihópi foreldra kom fram að rými fyrir yngstu börnin væri þröngt og skiptiaðstaða ófullnægjandi þar sem einungis sé aðstaða til að skipta um á einu barni af þeim 30 sem þurfa á slíkri þjónustu að halda. Í sama hópi kom einnig fram að leikrými væri of þröngt, dót orðið slappt og að hreyfirými skorti sem hægt væri að nýta þegar börnin komist ekki út.

2.5.2. Skólalóð

Lóð skólans er 2.278 m². Úttektaraðilar skoðuðu útisvæði leikskólans. Garðurinn er tvískiptur og hlið á milli svæða. Hluti garðsins, sem snýr í suður, er stærri og snýr að götu á tvo vegu. Þar er stór hóll og gras í kringum hann. Steypt stétt er svo næst húsinu. Leikfangaskúr er á svæðinu og stór sandkassi með litlu húsi inn í og kassa fyrir smærri leikföng við hliðina. Einnig er kastali, bátur, borð með bekk og rólur. Gúmmímottur eru í kringum rólur, kastala, bát og sandkassa. Minni garðurinn snýr í norður og vestur. Steypt stétt er næst húsinu. Í garðinum eru rólur, rennibraut, gormadýr, þrír litlir sandkassar, rör, jafnvægisslá og steinn. Gúmmímottur eru í kringum rólur, rennibraut og gormadýr en að öðru leyti er gras á svæðinu.

Ekki hafa verið lagðar fyrir kannanir á viðhorfi starfsfólks og foreldra til skólalóðar og aðbúnaðar á henni. Í rýnihópum stjórnenda, starfsmanna og foreldra kom hins vegar fram að skólalóð og útileiksvæði þarfnist viðhalds. Til dæmis safnist 20-30 cm djúpt vatn fyrir á skólalóðinni yfir vætutíma. Til standi þó að lagfæra það á komandi sumri. Auk þess þarfnist allar öryggismottur viðhalds. Þær séu mjög ójafnar og slitnar og séu því slysgildra auk þess sem að þær eyðileggi fót barna. Í öllum rýnihópum kom fram að

skortur er á leiktækjum fyrir yngstu börnin en að til væru leiktæki sem hefðu verið tekin til viðhalds og ekki skilað sér aftur á skólalóðina. Deildarstjórar, kennarar og starfsmenn bentu auk þess á að geymsluskúrinn á lóðinni væri illa staðsettur og liti illa út.

Í rýnihópi annarra starfsmanna kom einnig fram að þótt gott væri að hafa hól á lóðinni vantaði stétt í kringum hann þar sem hægt væri að hjóla. Foreldrar töldu þó að hóllinn skapaði blint svæði. Þeir bentu einnig á að starfsmenn mættu dreifa sér betur um svæðið og að svæðið mætti opna til að skapa meira flæði. Foreldrar töldu einnig að lýsing á svæðinu væri ónóg á veturna. Einnig kom fram að lítil endurnýjun hefur átt sér stað á útileikföngum fyrir utan það sem keypt hefur verið nýtt af foreldrafélaginu. Þeir tóku þó einnig fram að börnin kvörtuðu ekki og í rýnihópi barna kom fram að þeim þætti „*skemmtilegast að róla og í kastalanum*“.

2.5.3. Eftirlit, öryggi og slysavarnir

Eftirlitsheimsókn vinnueftirlitsins fór síðast fram í leikskólanum 2008. Þar kom fram að bæta þyrfti úr hljóðvist á eldri deild. Þar er nú búið að skipta um efni í lofti í miðju rými og hefur þetta lagast mikið að sögn leikskólastjórnenda. Einnig kom fram að skipta þyrfti um gólfduka á eldri deildinni en það hefur ekki enn verið gert. Reglubundið eftirlit á vegum heilbrigðiseftirlits Vesturlands fór fram í október 2011 og þurfti leikskólinn að bæta úr atriðum eins og „*skriflegu eftirliti í eldhúsi, klemmuvörn í sérkennsluherbergi, pappír á snyrtingu og lausum flísum í anddyri*.“ (5) Úr öllum aðfinnsluatriðum hefur nú verið bætt. Heilbrigðiseftirlitið skoðaði leikskólann árið 2011. Þar komu fram eftirfarandi aðfinnsluatriði: naglar stóðu út úr staur, laga þurfti keðjuhlíf á rólu, laga þurfti grindverk og hlið. Bætt hefur verið úr öllum atriðum. Að öðru leyti yfirfara ráðsmaður og byggingatæknifræðingur svæðið (5). Að sögn leikskólastjórnenda og fulltrúa sveitarfélagsins fullnægir leikskólinn, húsnæði hans, skólalóð og aðbúnaður nú kröfum eftirlitsaðila. Að sögn leikskólastjórnenda hefur öryggisnefnd verið skipuð en hún er þó ekki virk og leikskólinn hefur ekki gert áhættumat.

Rétt er þó að taka fram að í rýnihópi starfsmanna kom fram ábending um að gaskútar á lóðamörkum matvörubúðar og leikskólans geti skapað hættu. Ungt fólk safnast þar saman til þess að reykja en þannig gæti skapast sprengihætta. Einnig bentu starfsmenn á að komið hefði fyrir að ammoníak læki frá nálægri fiskvinnslu. Af þessu hefðu hlotist töluverð óþægindi og starfsmenn hefðu verið beðnir um að halda börnum inni þegar svona kæmi fyrir. Þetta hefur þó að þeirra sögn ekki komið fyrir lengi.

Leikskólinn hefur rýmingar- og viðbragðsáætlun í tengslum við bruna (10). Í áætluninni er greint frá verkaskiptingu starfsfólks, flóttaleiðum í húsi og útgönguleiðum fyrir báðar deildir og staðsetningu söfnunarsvæðis. Að sögn leikskólastjórnenda og starfsmanna eru rýmingaráætlanir aðgengilegar inni á deildum og farið sé yfir þær einu sinni til tvisvar á ári. Brunaæfingar þar sem starfsmenn og börn eru þátttakendur eru ekki

gerðar reglulega. Hins vegar er leikskólinn í samstarfsverkefni við slökkviliðið um eldvarnir sem er fræðsluefni um Loga og Glóð. Slökkviliðið kemur í heimsókn í nóvember á hverju ári og fræðir elstu börnin um eldvarnir og skoðar skólann með þeim í þeim tilgangi að þau geti fylgst með að eldvarnir séu í lagi, sem þau gera svo, slökkvibíllinn er skoðaður svo og slökkvi- og björgunartækin sem voru sýnd öllum sem vildu á 112 deginum. Neyðar- og rýmingaráætlun er yfirfarin á hverju hausti á starfsmannafundi, slökkviliðið hefur á tveggja til þriggja ára fresti komið og haft slökkvitækjaæfingu hjá starfsfólki og verið með aðra fræðslu (5).

Ekki eru til skriflegir verkferlar ef slys ber að höndum í leikskólanum en að sögn stjórnenda og starfsmanna eru þeir til munnlega. Að þeirra sögn eru til skriflegar áætlanir vegna veikinda og áfalla auk þess sem skráning slysa er í nokkuð föstum skorðum. Til eru skriflegir verkferlar vegna veikinda starfsmanna en að sögn starfsfólks skortir að eftir þeim sé farið. Starfsmenn leikskólans fóru á skyndihjálparnámskeið fyrir tveimur árum en að þeirra mati er kominn tími til þess að starfsmenn fari aftur á slíkt námskeið.

2.6. Mat úttektaraðila

- Leikskólinn Sólvellir var opnaður 4. janúar 1977 og er í dag aldursskiptur tveggja deilda leikskóli með 56 nemendur og 20 starfsmenn. Leikskólinn er rekinn af Grundarfjarðarbæ.
- Skólafélag Grundarfjarðarbæjar er ekki til en stefnt er að því að vinna við hana verði lokið innan árs með aðkomu allra hagsmunaaðila. Hins vegar liggur ekki fyrir aðgerðaráætlun um vinnu hennar. Úttektaraðilar leggja til að sett verði fram aðgerðaráætlun svo tryggt sé að:
 - a) allir hagsmunaaðilar séu upplýstir um gerð skólafélags.
 - b) skýr markmið verði sett um hvenær gerð hennar skuli vera lokið.
- Ekki liggur ljóst fyrir hvenær stefna leikskólans var innleidd og hefur hún ekki verið endurskoðuð um langan tíma. Úttektaraðilar hvetja stjórnendur skólans til að endurskoða stefnu skólans sem fyrst m.t.t. endurskoðaðrar skólafélagstefnu sveitarfélagsins (þegar hún liggur fyrir), aðalnámskrá frá 2011 ásamt viðeigandi lögum og reglugerðum.
- Starfsmenn eru ekki nægilega upplýstir um hugmyndafræði, stefnu og áherslur leikskólans og endurskoðun hefur ekki farið reglulega fram. Stefna leikskólans og helstu áherslur eru aðgengilegar á heimasíðu hans í gegnum skólanámskrá. Úttektaraðilar hvetja til að:
 - a) stefna skólans verði gerð aðgengileg öllum hagsmunaaðilum þegar hún liggur fyrir, til dæmis á heimasíðu skólans og bæjarfélagsins.
 - b) starfsmenn séu reglulega upplýstir um stefnu leikskólans og helstu áherslur hans.

- c) stefnan sé endurskoðuð reglulega með aðkomu allra starfsmanna. Einnig er mikilvægt að hugað sé sérstaklega að því að kynna stefnu og helstu áherslur skólans fyrir nýjum starfsmönnum en þetta er hægt að gera sem hluta af föstum verkferlum við móttöku nýliða.
- Þótt reynt hafi verið að hlífa leikskólanum við niðurskurði í kjölfar efnahagshrunsins er þó ljóst að niðurskurður var á yfirvinnutímum auk þess sem samráðstími starfsmanna minnkaði. Einnig virðist niðurskurður hafa bitnað á kaupum á efniviði og á eftirliti og viðhaldi skólans og lóðar hans. Mikilvægt er að stjórnendur og fulltrúar sveitarfélagsins komi saman og ræði þessi mál. Að mati úttektaraðila er hér þörf á úrbótum svo að niðurskurður komi ekki enn frekar niður á nemendum leikskólans og starfi hans.
 - Leikskólinn uppfyllir að flestu leyti lög og reglugerðir um húsnæði og aðbúnað. Hins vegar mætir húsnæði leikskólans almennt ekki kröfum stjórnenda, starfsmanna, barna, foreldra og sveitarfélagsins. Mikilvægt er að nauðsynlegt viðhald fari fram á leikskólanum og bæta þarf úr salernis- og sturtuadstöðu starfsmanna. Einnig þarf að huga að því að aðstaða til þess að hýsa eins árs börn sé fullnægjandi sem hún er ekki í dag. Aðstaða þeirra er þröng og þyrfti að vera rýmri. Auk þess þarf að bæta skiptiaðstöðu þeirra 30 barna sem þurfa á þeirri þjónustu að halda.
 - Eftirlitsaðilar hafa ekki tekið út eldhúsaðstöðu leikskólans eftir að hafið var að elda mat fyrir starfsmenn og nemendur grunnskólans í Grundarfirði. Ljóst er að um umtalsverða aukningu á umfangi matseldar hefur verið að ræða og því mælast úttektaraðilar til að videigandi eftirlit fari fram.
 - Skólalóð leikskólans hefur ekki verið tekin út árlega af óháðum aðila líkt og lög gera ráð fyrir. Ekki fór fram úttekt árið 2012. Fulltrúar sveitarfélagsins eru hvattir til að vinna að því að svo sé gert. Skólalóðin mætir almennt ekki kröfum hagsmunaaðila. Til dæmis er augljós slyshætta vegna vatnssöfnunar á skólalóð, sérstaklega fyrir yngstu börnin, auk þess sem lóðin er ónothæf í því ástandi. Úr þessu þarf að bæta. Einnig þarf að skoða endurnýjun leikfanga og leiktækja á útisvæði, sérstaklega fyrir yngstu börnin, en þau leiktæki sem eru núna til staðar henta þeim varla. Að lokum mætti bæta lýsingu á svæðinu og viðhald á gúmmímottum.
 - Leikskólinn býr yfir rýmingaráætlun vegna bruna. Hins vegar eru brunaæfingar ekki haldnar reglulegar. Mikilvægt er að stjórnendur tryggi að starfsmenn séu upplýstir um verkferla og hæfir til að bregðast við ef upp kemur bruni. Auk þess eru ekki til samræmdir verkferlar vegna slysa, veikinda eða áfalla. Það er tillaga úttektaraðila að slíkir verkferlar verði samdir og þeim fylgt eftir með viðbragðsæfingum og skyndihjálparnámskeiði.

- Leikskólinn er staðsettur í mikilli nálægð við atvinnusvæði bæjarins. Taka þarf tillit til þessa í áhættumati öryggis og slysa. Gaskútar á lóðamörkum skólans geta til dæmis valdið miklum skaða, springi þeir. Úttektaraðilar mælast til þess að þeim verði fundinn annar staður sem fyrst. Einnig að gert verði áhættumat með tilliti til staðsetningar skólans.

3. STJÓRNUN OG REKSTUR

Við leikskóla skal vera leikskólastjóri sem stjórnar starfi hans í umboði rekstraradila. Leikskólastjóri stjórnar daglegum rekstri og starfi leikskóla og gætir þess að leikskólustarf sé í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá leikskóla, skólanámskrá og önnur gildandi fyrirmæli... Leikskólastjóri gerir rekstraradila og bæjarstjórn grein fyrir starfsemi leikskóla í ársskýrslu⁶. Sveitarfélög bera ábyrgð á starfsemi leikskóla. Sveitarfélög hafa forustu um að tryggja börnum leikskóladvöl og bera ábyrgð á heildarskipan skólalahalds í leikskólum sveitarfélags, þróun einstakra leikskóla, húsnæði og búnaði leikskóla, sérúrræðum leikskóla, sérfræðipjónustu, mati og eftirliti, öflun og miðlun upplýsinga og á framkvæmd leikskólustarfs í sveitarfélagi. Sveitarfélög setja almenna stefnu um leikskólalahald í sveitarfélagi og kynna fyrir íbúum þess.⁷

Rekstraradili leikskólans Sólvalla er Grundarfjarðarbær. Á vegum sveitarfélagsins starfar skólanefnd og heyrir hún undir bæjarstjórn. Eftirfarandi stofnanir og deildir starfa á verksviði nefndarinnar: leikskóli, grunnskóli og tónlistarskóli. Í skólanefnd eiga sæti fimm kjörnir fulltrúar en einnig sitja fundina fulltrúar foreldra og kennara sbr. lög 8. Leikskólastjóri á þar rétt til setu þegar nefndin fjallar um málefni leikskólans og ef málefnið snertir hann ekki persónulega. Auk þess eru kosnir fimm fulltrúar í nefndina til vara (11). Skólanefnd hefur umsjón með þeim stofnunum sem undir nefndina heyra og skal hafa eftirlit með því að stofnanir og deildir starfi innan ramma laga⁹.

Leikskólastjóri hóf störf sem kennari við skólann í janúar 1977 en hefur gegnt stöðu leikskólastjóra síðan 1. janúar 2009 en hafði þó áður verið leikskólastjóri á árunum 1987-1993. (12) (4). Stjórnendur gera, að þeirra sögn, bæjaryfirvöldum grein fyrir starfinu á skólanefndarfundum. Að sögn leikskólastjórnenda og bæjarstjóra hafa engar athugasemdir verið gerðar við reksturinn. Samkvæmt bæjarstjóra kemur leikskólinn raunar vel út í rekstri í samanburði við aðrar sambærilegar stofnanir. Samkvæmt leikskólastjórnendum og fulltrúum sveitarfélagsins er samvinna við bæjaryfirvöld góð en leikskólastjórnendur nefna þó að „*utanumhald*” mætti vera betra af hendi sveitarfélagsins.

3.1. Stjórnskipulag og skipurit

Leikskólastjórnendur og fulltrúar sveitarfélagsins segja stjórnun skólans í samræmi við lög, reglugerðir og viðurkennda starfshætti. Skipurit skólans er til síðan í apríl 2013 (4) og starfslýsingar starfsmanna eru samkvæmt kjarasamningum. (13). Í starfslýsingum leikskólans kemur fram að leikskólastjóri sé yfirmaður leikskólans og beri ábyrgð á kennslu- og uppeldisstarfi sem og rekstri¹⁰. Aðstodarleikskólastjóri ber ásamt

6 Lög um leikskóla nr. 90/2008.5.gr.2.mgr.

7 Lög um leikskóla nr. 90/2008,4 gr.1.mgr.

8 Lög um leikskóla nr. 90/2008, 4 gr.2.mgr.

9 Lög um grunnskóla nr. 91/2008, 6 gr.

10 Lög um leikskóla nr. 90/2008.5.gr.

leikskólastjóra ábyrgð á rekstri leikskólans og er staðgengill hans. Í stjórnendateymi leikskólans eru leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, sem einnig gegnir starfi deildarstjóra, og einn deildarstjóri. Aðstoðarleikskólastjóri gegnir því starfi sex klst. á viku en er í 80% starfshlutfalli. Samkvæmt leikskólastjórnendum hefur aðstoðarleikskólastjóri ekki náð að nýta þessa sex tíma í stöðu stjórnanda sökum anna við deildarstjórastörf. Auk þess bentu stjórnendur á að hagsmunaárekstur gæti átt sér stað þegar upp koma kjaramál þar sem stjórnendur og fagmenntaðir kennarar eiga ekki endilega sömu hagsmuna að gæta.

Samkvæmt stjórnendum er aðgengið að þeim gott og ljóst að leikskólastjórnendur skipuleggi og beri ábyrgð á leikskólastarfinu. Aftur á móti er ábyrgðarskipting stjórnenda að sögn stjórnenda og starfsmanna óskýr og birtist hún til dæmis í því að aðstoðarleikskólastjóri sinnir einnig stöðu deildarstjóra. Tilfinnanlega vanti annan deildarstjóra þar sem starfsmenn séu margir og börnum hefur fjölgað.

Að sögn deildarstjóra og kennara hefur skipurit vantað og þeir segjast líka telja að stjórnskipulag leikskólans henti ekki stærð hans og verkefnum. Skýrara stjórnskipulag og stjórnunarhætti vanti og verkferla mætti bæta en þeir eru ekki samræmdir milli deilda. Einnig telja þeir að stuttur viðverutími aðstoðarleikskólastjóra sem deildarstjóra sé vandamál þar sem óljóst er til hvers skal leita sé sá aðili ekki í vinnu.

Leikskólakennarar og annað starfsfólk vinna undir stjórn deildarstjóra að uppeldi og menntun nemenda. Starfsmaður í eldhúsi ber ábyrgð á eldhúsi og sér um matseld, skipulagningu matseðla og innkaup á matvöru fyrir leikskólann. Samkvæmt viðhorfskönnun sem lögð var fyrir á vegum Grundarfjarðarbæjar (14) eru 75% starfsmanna sammála eða mjög sammála því að þeir *viti til hvers er ætlast af þeim í starfi*, 6% eru því mjög ósammála en 19% eru hlutlaus (tafla 2). Að sögn starfsmanna eru hlutverk þeirra og verkaskipting misjafnlega skýr. Fram kom í rýnihópum að stundum færu starfsmenn út fyrir sitt verk svið vegna þess að þeim þætti það óljóst.

Samkvæmt viðhorfskönnun Grundarfjarðarbæjar (14) voru 82% starfsmanna mjög ósammála eða ósammála því að *vera almennt ánægð(ur) með stjórnun vinnustaðarins*, 13% voru mjög sammála eða sammála en 6% voru hlutlaus. Ennfremur voru 75% mjög ósammála eða ósammála því að *vinnuálag væri hæfilegt*, 12% voru mjög sammála eða sammála og 13% voru hlutlausir (tafla 2).

Tafla 2. Niðurstöður viðhorfskönnunar meðal starfsamanna um stjórnun og rekstur.

Spurning	Mjög ósammála	Ósammála	Hlutlaus	Sammála	Mjög sammála
Ég veit til hvers er ætlast til af mér í starfi	6%	0%	19%	50%	25%
Ég er almennt ánægð(ur) með stjórnun vinnustaðarins	38%	44%	6%	0%	13%
Vinnuálag er hæfilegt	31%	44%	13%	6%	6%

Að sögn leikskólastjórnenda og allra starfsmanna ríkir ekki almenn sátt um stjórnun leikskólans. Starfsmenn telja að upplýsingaflæði, eftirfylgni og almenna verkferla mætti bæta. Ósamræmi í verkferlum og stjórnun milli deilda þyrfti að laga og ákvarðanir þyrftu að vera teknar af meiri festu. Auk þess benda starfsmenn á að skólastjórnendum hafi reynt erfitt að taka á flóknum málum sem komið hafa upp.

Samkvæmt starfsmönnum leikskólans er ekki sátt innan skólans um aðkomu starfsfólks að stjórnun skólastarfsins. Of margir „kóngar“ séu til staðar sem komi að stjórnun. Auk þess sé óöryggi í stjórnendahópnum sem aftur skapi óöryggi meðal starfsmanna. Ákvarðanatáka innan leikskólans er misjafnlega skilvirk að mati starfsmannanna og stjórnist af málefnum og „ástandinu í húsinu“. Einnig skorti á að ákvarðanir séu teknar að ígrunduðu máli og í samræmi við aðstæður.

3.2. Starfsáætlun

Leikskólastjóri gefur árlega út sérstaka starfsáætlun. Í starfsáætlun er gerð grein fyrir árlegri starfsemi leikskóla, svo sem skóladagatali og öðru því sem varðar starfsemi leikskólans¹¹

Samkvæmt leikskólastjóra (13) og fulltrúum bæjarfélagsins hefur hvorki verið gefin út skrifleg starfsáætlun/ársáætlun fyrir leikskólann né ársskýrslu skilað til sveitarfélagsins.

3.3. Mat úttektaraðila

- Rekstraraðili leikskólans Sólvalla er Grundarfjarðarbær. Leikskólinn hefur staðist fjárhagsáætlanir og kemur vel út í samanburði við aðrar stofnanir sveitarfélagsins. Þótt samstarf hafi gengið vel kalla stjórnendur leikskólans eftir aukinni endurgjöf og samráði við fulltrúa bæjarins. Úttektaraðilar telja mikilvægt að unnið verði að því að efla endurgjöf, samskipti og samstarf stjórnenda og fulltrúa bæjarins.
- Í starfsmannakönnun og í rýnihópum kom fram nokkur óánægja með stjórnun leikskólans. Úttektaraðilar leggja til að sveitarfélagið og stjórnendur leikskólans sjái til þess að stjórnunarhættir, upplýsingaflæði, verkferlar og eftirfylgni ákvarðana verði bætt. Sérstaklega þarf að samræma alla verkferla innan leikskólans.
- Ábyrgðarskipting leikskólastjórnenda virðist ekki vera skýr. Endurskoða þarf verkaskiptingu aðstoðarleikskólastjóra á milli stjórnendastarfa og deildarstjórastöðu á þann hátt að tryggt verði að nauðsynleg stjórnendastörf fái nægilegan tíma.
- Leikskólinn þarf að hefja lögboðna útgáfu starfsáætlunar og ársskýrslu og skila henni til sveitarfélagsins.

¹¹ Lög um leikskóla nr. 90/2008,14.gr.2. mgr.

4. SKÓLANÁMSKRÁ LEIKSKÓLA

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 ber sérhverjum leikskóla að semja skólanámskrá og er leikskólastjóri ábyrgur fyrir gerð hennar¹². Í skólanámskrá skal gerð grein fyrir hvernig leikskólinn hyggst vinna að þeim markmiðum sem aðalnámskrá leikskóla setur, hvaða leiðir verða farnar og hvernig staðið er að mati. Jafnframt skal fjallað um þau gildi sem starf leikskólans byggist á og þær hugmyndafræðilegu áherslur sem tekið er mið af. Í skólanámskrá eiga einnig að koma fram þær áherslur og leiðir sem leikskólinn hefur ákveðið að fara í samskiptum við börn, starfsfólk, foreldra og nærsamfélagið¹³.

4.1. Skólanámskrá leikskólans

Skólanámskrá leikskólans Sólvalla var gefin út í september 2003 og var síðast endurskoðuð 2008. Stefnt er að endurskoðun skólanámskrár árið 2013 (2). Hún er aðgengileg á vefsíðu leikskólans. Skólanámskráin var unnin á vinnudögum, starfsmannafundum, í undirbúningstímum og á vinnutíma leikskólastjóra og komu allir starfsmenn að gerð hennar. Námskráin byggir á þeim áherslum sem skólinn hefur valið sem sínar áherslur í uppeldisstarfinu. Í skólanámskrá leikskólans kemur fram stefna leikskólans og sérstaða, saga leikskólans, mat á leikskólastarfi, námssvið, dagskipulag og daglegir þættir, sérkennsla, foreldrasamstarf, upplýsingar um samstarfsaðila, rýmingaráætlun, hagnýtar upplýsingar og fl. (3). Að sögn deildarstjóra og kennara hafa starfsmenn verið hvattir til að hafa áhrif á þróun og breytingar á skólanámskrá en þeir hafi verið misvirkir. Vinna við nýja skólanámskrá sé þó ekki hafin en leikskólinn gæti verið kominn nokkuð áleiðis að þeirra mati ef ekki væri fyrir frestun á skólastefnu sveitarfélagsins fyrir leikskóla og að búið væri að semja við starfsmenn um hvernig vinna eigi þessa vinnu.

Að sögn starfsmanna hafa eingöngu fagmenn komið að endurskoðun á gömlu skólanámskránni en almennir starfsmenn hafi fengið einhverja kynningu á gerð nýrrar skólanámskrár sem framundan er. Leikskólinn hefur ekki sett sér verkáætlun um hvernig og hvenær leikskólinn áætlað að vinna við aðlögun skólanámskrár að aðalnámskrá leikskóla verði lokið. Þessi vinna sé enn á frumstigi og ætlunin sé að skoða þetta í haust að sögn stjórnenda og deildarstjóra. Gert sé ráð fyrir að allir starfsmenn komi að þessari vinnu en leikskólakennarar þurfi að fara af stað með hana.

Að sögn stjórnenda og starfsmanna endurspeglar skólastarfið núverandi skólanámskrá að mestu leyti en þó séu einhverjar breytingar sem eigi eftir að orða. Að sögn foreldra hafa þeir hvorki fengið eintak af skólanámskrá afhent né hefur þeim verið kynnt innihald hennar nýlega. Að þeirra sögn er þó einhver útdráttur úr henni í ferlimöppum

¹² Lög um leikskóla nr.90/2008

¹³ Aðalnámskrá leikskóla 2011:34

barna þeirra. Foreldrar hafa ekki komið að mótun og endurskoðun á skólanámskrá en að sögn þeirra er áhugi fyrir því til staðar.

4.2. Tengsl skólastiga

Í skólanámskrá skal gera grein fyrir samstarfi milli leikskóla og grunnskóla og hvernig skuli standa að færslu og aðlögun barna milli skólastiga.¹⁴

Í skólanámskrá er greint frá tengslum leikskólans og grunnskóla. Leikskólinn Sólvellir hefur verið í samstarfi við Grunnskóla Grundarfjarðar um að brúa bilið á milli skólastiga. Að hausti funda leikskólastjóri, kennari elstu barna, skólastjóri grunnskóla, sérkennari grunnskóla og kennari 1. bekkjar og samstarf vetrarins er sett niður. Yfir veturinn er fundað reglulega um samstarfið, það metið og síðan breytt og bætt eftir þörfum (3). Farið er í gagnkvæmar heimsóknir í skólana. Fyrsta bekk er boðið í heimsókn á þorranum í leikskólann og elstu nemendur leikskólans fara í jólaheimsókn til nemenda 1. bekkjar. Leikskólanemendurnir eru viku í vorskóla í maí og er síðan boðið á skólaslit grunnskólans og fá viðurkenningu fyrir vorskólasetuna (2).

Leikskólinn hefur sett sér skrifleg markmið og leiðir með samstarfinu. Unnið er með börn í elsta árgangi Sólvalla saman í elstubarnastund. Sérstök áhersla er lögð á leikskólaverkefni og að hugmyndafræði og starfsaðferðir leikskóla séu lagðar til grundvallar. Elstubarnastund er einu sinni í viku. Endað er á því að fara í elstubarnaferð. Í lok maí er útskrift elstu barnanna (3). Að sögn stjórnenda ríkir mikil sátt um samstarfið og samvinna sé góð. Þeir benda á matur fyrir grunnskólann sé eldaður á leikskólanum. Deildarstjórar og kennarar segja að mikil virðing ríki á milli kennara skólastiganna og gæði starfsins séu mikil.

4.3. Mat úttektaraðila

- Leikskólinn Sólvellir hefur skólanámskrá frá árinu 2003 og komu allir starfsmenn að gerð hennar. Hún var endurskoðuð síðast árið 2008. Skólanámskráin er aðgengileg á heimasíðu leikskólans.
- Setja þarf skýra tímasetta aðgerðaráætlun um endurskoðun á skólanámskrá í samræmi við gildandi lög, aðalnámskrá leikskóla frá 2011 og skólastefnu sveitarfélagsins (sem er í endurskoðun), með aðkomu allra hagsmunaaðila þ.e. allra starfsmanna, foreldra og fulltrúa sveitarfélagsins.
- Ánægjulegt er að sjá áhuga foreldra á að koma að vinnu við gerð skólanámskrár.
- Tengsl milli skólastiga eru góð og lögð áhersla á gott samstarf milli leik- og grunnskólans. Ánægjulegt er hve mikil sátt virðist ríkja um samstarfið.

¹⁴ Lög nr. 90/2008 um leikskóla, 16. gr.

5. MANNAUÐUR

Sveitarstjórn eða annar rekstraradili tekur ákvörðun um fjölda og samsetningu starfsmannahópsins í samráði við leikskólastjóra. Ákvörðunin skal byggjast á mati og tillögum leikskólastjóra og miðast við aldur, þarfir og fjölda barna¹⁵.

Starfsmenn leikskólans eru alls 20 í 17,3 stöðugildum. Stjórnendur eru leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjórar og deila þeir með sér 2,8 stöðugildum. Að auki eru starfandi tveir leikskólakennarar, 12 leiðbeinendur og þrír starfsmenn í eldhúsi og við þrif. Þessir starfsmenn deila með sér 14,5 stöðugildum. Meðal starfsaldur leikskólakennara er 17,4 ár, en 4,2 ár meðal annars starfsfólks¹⁶. Hlutfallstölur um starfsmannaveltu liggja ekki fyrir. Menntun starfsfólks má sjá í töflu 3. Leikskólinn hefur ekki sett sér starfsmannastefnu (13) en útbúin hefur verið starfsmannahandbók sem þörf er á að uppfæra og endurnýja (13).

Tafla 3. Menntun starfsmanna.

Menntun	Fjöldi
Leikskólakennari að mennt	5
Framhaldsskólapróf	5
Grunnskólapróf	10

5.1. Móttaka nýliða

Ekki liggur fyrir skýrt né samræmt verklag um móttöku nýliða samkvæmt leikskólastjórnendum og starfsmönnum. Samkvæmt starfsmönnum er nýliðum „*hent í djúpu laugina*“. Einnig benda þeir á að lítill sem enginn aðdragandi sé að ráðningu og þeir starfsmenn sem fyrir eru fá litlar upplýsingar um nýjar ráðningar og nýliða. Starfsmenn eru sammála um að það mynda bæta mikið ef til væru samræmdir verkferlar um móttöku nýliða. Leikskólastjórnendur, deildarstjórar og trúnaðarmaður leiðbeinenda gera athugasemdir við þetta og benda á að „*þegar starfsmaður byrjar er skólinn og starfsemi kynnt fyrir honum og deildarstjóri kynnir starfsemi deildarinnar fyrir honum*.“ Þetta sé það form sem unnið er eftir (9).

5.2. Starfsþjálfun og símenntun

Símenntunaráætlun er til fyrir skólaárið 2012-2013 (15) Símenntun starfsfólks samanstendur af náms- og kynnisferð erlendis og öðrum námskeiðum sem *hægt er að sækja á sem ódýrastan hátt* (15). Einnig sækja starfsmenn námskeið sem ekki eru á áætlun en nýtast þeim í starfi, mest að eigin frumkvæði Í viðhorfskönnun meðal starfsmanna (14) kom fram að 44% voru mjög eða frekar sammála því að hafa *fengið tækifæri til*

¹⁵ Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009.

¹⁶ 5 nýir starfsmenn hafa byrjað eftir áramótin 2012-2013, 2 starfsmenn eru í veikindaleyfi

starfsþróunar og símenntunar á síðustu 12 mánuðum, 38% var mjög ósammála eða ósammála en 19% var hlutlaus. Aftur á móti voru 44% mjög ósammála eða ósammála því að vera ánægð/ur með það hvernig staðið er að fræðslu og þjálfun á vinnustaðnum, 37% var mjög sammála eða sammála en 19% var hlutlaus (tafla 4).

Tafla 4. Niðurstöður viðhorfskönnunar meðal starfsmanna um þjálfun og fræðslu.

Spurning	Mjög ósammála	Ósammála	Hlutlaus	Sammála	Mjög sammála
Ég hef fengið tækifæri til starfsþróunar og símenntunar á síðustu 12 mánuðum	19%	19%	19%	31%	13%
Ég er ánægð/ur með það hvernig staðið er að fræðslu og þjálfun á vinnustaðnum	19%	25%	19%	31%	6%

Almennt sögðust starfsmenn og kennarar koma skoðunum sínum er varða endurmenntun á framfæri á starfsmannafundum og í starfsmannasamtölum. Nokkur sátt ríkir meðal leikskólakennara um stuðning við og framboð á sí- og endurmenntun. Hins vegar telja almennir starfsmenn framboð á endurmenntun ekki nægilegt. Meira þyrfti að vera um námskeið sem henta öllum. Meira sé í boði fyrir leikskólakennara heldur en aðra starfsmenn. Endurmenntun þeirra sé aðallega innanhúsfræðsla og meira framboð þyrfti að vera af utanaðkomandi fræðslu. Einnig að upplýsa mætti starfsmenn almennt um hvað er í boði þar sem frumkvæði þess eðlis af hendi skólans skorti.

5.3. Fundir og boðskipti

Að sögn leikskólastjórnenda eru starfsmannafundir haldnir reglulega. Þar sé farið yfir hvað liggja fyrir. Hver deild heldur deildarfund á þriggja vikna fresti. Skipulagsdagar eru þrisvar sinnum á ári en þeir eru notaðir til þess að skipuleggja starfið og breyta til. Einnig hafa þeir verið notaðir til þess að rifja upp ýmsar reglur og efni, fara yfir námskrár, efni í ferlimöppu og stundum styttri námskeið. Auk þess hefur verið farið í leikskólaheimsóknir og námsferðir.

Starfsmannasamtöl eiga að fara fram einu sinni á ári en samkvæmt starfsmönnum hefur verið misjafnt hvort það hefur verið raunin. Einhverjir starfsmenn fengu starfsmannasamtal árið 2012 en aðrir ekki. Leikskólastjóri tekur starfsmannaviðtal og fylgir stöðluðu viðtalsformi (16) (17) við framkvæmd þess þar sem m.a. er spurt um líðan á vinnustað, samskipti, almennt um skólaárið, frammistöðu og áhugasvið, markmið og óskir fyrir næsta skólaár.

Á leikskólanum er upplýsingum komið á framfæri við starfsmenn í gegnum dagbækur sem liggja á deildum, upplýsingatöflur á kaffistofu starfsmanna og við inngang deilda, á deildar- og starfsmannafundum og á heimasíðu skólans. Samkvæmt starfsmönnum eru upplýsingar stundum seinar að berast þar sem stundum gleymist að skrifa á töflur.

5.4. Mat úttektaraðila

- Hlutfall leikskólakennara við leikskólann er 25%. Stjórnendur og fulltrúar sveitarfélagsins eru hvattir til að leita leiða til að auka hlutfall þeirra sbr. lög.¹⁷
- Tölur um starfsmannaveltu liggja ekki fyrir með þeim hætti að hægt sé að bera þær saman milli ára. Í ljósi umkvartana um álag á starfsmönnum telja úttektaraðilar æskilegt að þessar tölur séu teknar saman og með þeim sé fylgst.
- Ekki eru til samræmdir verkferlar um móttöku nýliða. Úttektaraðilar leggja því til að slíkir skriflegir verkferlar verði gerðir og þeir kynntir öllum starfsmönnum og nýliðum.
- Dótt símenntunaráætlun sé til virðist hún vera nokkuð ómarkviss. Lagt er því til að með nýrri skólastefnu sveitarfélags og endurskoðun leikskólastefnu og skólanámskrár verði símenntunaráætlun gerð markvissari og í samræmi við þessar stefnur. Markviss símenntun allra starfsmanna styður við innleiðingu stefnunnar, sérstaklega ef áherslubreyting verður í skólastarfinu.
- Það er mat úttektaraðila að betur mætti fylgja eftir upplýsingum og flæði þeirra innan leikskólans. Sérstaklega þarf að samræma verkferla um hvernig upplýsingum er komið á framfæri. Ennfremur þarf að gæta þess að skráning upplýsinga samkvæmt þessum verkferlum sé kerfisbundin og regluleg.

¹⁷ Lög um menntun og ráðningu kennara og stjórnenda leikskóla 2008, 9. gr.

6. UPPELDI, MENNTUN OG UMÖNNUN

6.1. Nemendur

Í reglugerð um starfsumhverfi leikskóla segir að ákvörðun um fjölda barna skuli taka mið af samsetningu barnahópsins, dvalartíma barna dag hvern, aldri þeirra og þörfum, samsetningu starfsmannahóps og umfangi sérfræðipjónustu¹⁸.

Við skólann stunda alls 56 börn nám, 32 drengir og 24 stúlkur. Börnin eru á aldrinum eins til fimm ára. (árgangar 2007 - 2012). Flest börnin eru fædd árið 2011 en fæst árið 2012. Í töflum 5 og 6 má sjá skiptingu barna eftir deildum og árgangi ásamt fjölda nemenda eftir dvalartíma.

Tafla 5. Skipting barna eftir deild og árgangi.

Árgangur	Útsveit –yngri deild	Framsveit – eldri deild
2012	4	
2011	15	
2010	9	
2009		12
2008		9
2007		7
Fjöldi barna samtals	28	28

Tafla 6. Fjöldi barna eftir dvalartíma.

Dvalartími	3-5 klst.	5-7 klst.	7 - 9 klst.	Samtals
Fjöldi barna	4	16	36	56

6.2. Daglegt starf leikskólans

Daglegur opnunartími leikskólans er frá 7:45 – 16:15 alla daga og er boðið upp á sveigjanlegan vistunartíma. Á hverri deild er mánaðaráætlun þar sem gerð er nánari grein fyrir starfi deildanna og tímasetningum. Í dagskipulagi deilda eru fastir punktar vegna matar, hvíldar og rólegrar stundar. Rætt er um dagskipulag og breytingar á því á starfsmannafundum og deildarfundum og að endurmati koma starfsmenn deildanna og stjórnendur leikskólans. Dagskipulag, skóladagatal og mánaðaráætlanir deilda er aðgengilegt á heimasíðu leikskólans (18).

Leikskólinn hefur tileinkað sér þátttökuaðlögun. Þetta form aðlögunar beinist fyrst og fremst að börnunum en henni er ætlað að létta þeim aðskilnaðinn við foreldra og byggir á þeirri trú að ef barnið og foreldrarnir fá góðan tíma til að venjast lífinu í leikskólanum valdi aðskilnaðurinn litlu sem engu áfalli. Börnin kynnast þannig starfsfólkinu smám

¹⁸ Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009

saman og traust skapast á milli þeirra. Foreldrar eru fullir þátttakendur frá fyrsta degi og fá þannig reynslu af dagsskipulagi og því sem á sér stað í leikskólanum (2).

Leikskólinn hefur sett sér áætlun vegna aðlögunar erlendra barna en þar kemur m.a. fram að heilsugæsla, leikskóli og grunnskóli hafi sett sér samræmdar reglur vegna barna sem eru að flytja til landsins. Að auki hefur leikskólinn skrifleg markmið með hvernig standa skuli að flutningi barna milli deilda (3). Í skólanámskrá leikskólans og foreldrahandbók er farið yfir ferli aðlögunar á leikskólanum og það er einnig aðgengilegt á heimasíðu hans (19).

Að sögn allra starfsmanna og foreldra ríkir sátt um verkferla vegna aðlögunar barna á leikskólanum en að sögn deildarstjóra mætti þó skýra betur og samræma verkferla varðandi færslu barna á milli deilda. Leikskólinn hefur sett sér að einhverju leyti skrifleg námsmarkmið um þá hæfni sem börn hafa tileinkað sér eftir aldri í félagsþroska, málþroska, teikniþroska og varðandi lita- og blýantsgrip (4). Stjórnendur benda á að fylgst sé með þroska barna í gegnum mat á þeim og að í ferlimöppum sé einnig að finna viðmið vegna ákveðinna þátta fyrir börn. Deildarstjórar segja að hægt sé að setja námsmarkmið fram með skýrari hætti en gert hefur verið. Foreldrar eru almennt sáttir við fyrirkomulag starfsins. Þeir benda þó á að þeir hafi engan samanburð við aðra leikskóla.

6.3. Leikur og nám

Leikur er órjúfanlegur þáttur bernskuáranna og þungamiðja leikskólastarfsins. Leikur er sjálfsprottinn og börnum eðlislægur..... Leikur er meginnámsleið barna. Hann skapar börnum tækifæri til að læra og skilja umhverfi sitt, tjá hugmyndir sínar, reynslu og tilfinningar og þróa félagsleg tengsl við önnur born.... Hlutverk leikskólakennara er að styðja við nám barna í gegnum leik á margvíslegan hátt¹⁹.

Eins og fram kom að ofan byggir starfsemi Sólvalla á kenningum Dewey. Stefnan með dagskipulaginu eru þær sérstöku áherslur sem lagðar eru til grundvallar innan leikskólans. Í stundaskrá deilda er frjálslur leikur allt frá 1,5 klst. upp í 3 klst. á dag og fer það eftir aldri barna (4). Leiknum er ætlaður staður í stundaskránni bæði með vali og í vinnustundum. Eins er leikið mikið úti og inni í óskipulögðum stundum. Starfsemin byggir á frjálsum leik, daglegum venjum, söngstundum, samverustundum, elstubbarnastundum, hreyfistundum, vinnustundum og útiveru.

Að sögn stjórnenda og starfsmanna ríkir almenn sátt um vægi frjálsla leiksins á leikskólanum en deildarstjórar sögðu að skoða mætti að auka vægi hans á eldri deild. Í byrjun mánaðar er stundatafla sett á heimasíðuna þar sem helstu atriði í hverjum mánuði er sett fram s.s. hvað er í matinn, afmæli, litadagar og fleira. Þar geta foreldrar fylgst með hvenær elstubbarnastundir, vinnustundir, könnunarleikur og hreyfistundir eru. Þá er

19 Aðalnámskrá leikskóla 2011: 26

ítarlegur matseðill mánaðarins settur við inngang á deildirnar og á töfluna í fataherberginu. Ýmsar auglýsingar og upplýsingar til foreldra eru líka settar á töfluna (2).

Í Útsveit er einu sinni í viku unnið eftir aðferð sem nefnist Könnunarleikur. Hámark í hópi eru átta börn og þarf fullorðinn alltaf að vera viðstaddur. Mikil áhersla er lögð á rólegheit í könnunarleik. Í vinnustund er notast við kennsluáferð sem nefnist könnunaraðferð. Hún byggir á þrepaskiptingu, upphafi, miðbiki og þemalokum. Í vinnustund vinna börnin í aldursskiptum hópum að ákveðnum verkefnum sem ná yfir langan tíma. Sami kennari er með hópinn yfir veturinn. Farið er einu sinni í viku með þrjá elstu árgangana í hreyfistund. Þar eru gerðar ýmsar æfingar og farið í leiki.

Útivera er einnig fastur liður í skipulagi skólans. Reynt er að fara út í öllum veðrum og nýttir þeir möguleikar sem náttúran býður upp á. Leikskólinn hefur sett sér skriflega áætlun um borðhald, hreinlæti, svefn og hvíld, frágang, snyrtimennsku o. fl. (3). Áhrif barna á vægi leiksins felast fyrst og fremst að mati stjórnenda og starfsmanna í samsetningu leikhópa í vali og frjálsum leik og að þau hafi möguleika á að fara á milli valsvæða. Að þeirra sögn hafa matar- og kaffitímar mikil áhrif þegar kemur að tímalengd leikstunda og möguleika barna til að hafa áhrif á þær. Á yngri deild stjórnir fastir liðir dagskipulaginu mikið en hugað sé að því að hafa sveigjanleika eins og kostur er. Að sögn barna mega þau ekki ráða hvenær þau leika sér heldur fari þau í val. Þau mega að þeirra sögn ráða við hvern þau leika sér, „*Já við megum ráða því það er bara reglan. Það má bara leika í herbergjunum og með dótið í húsinu. Ég má leika út um allt í húsinu mínu en ekki uppi á háalofti því þá getur maður dottit niður.*“

6.4. Leikefni og efniviður

Efniviður leikskóla á að vera margbreytilegur og höfðaður til ólíkra barna á ólíkum aldri...Leikefni þarf að vera hvetjandi og höfðaður til mismunandi skynjunar og örva börnin til rannsókna og kannana²⁰.

Að sögn stjórnenda er efniviður valinn með það fyrir augum að efla sköpun og ímyndunarafl barna. Áhersla er m.a. á bækur, málningu og aðrar föndurvörur, dúkkur og annað í heimiliskrók og kubba af mörgum stærðum og gerðum. Mikið er notað af verðlausu efni í föndur, könnunarleik og aðra leiki (4).

Að sögn deildarstjóra og starfsmanna hefur mikið af leikefni fengist gefins og ekki hefur verið keypt leikefni inn á leikskólann lengi fyrir utan það sem foreldrafélagið gaf árið 2012. Að sögn deildarstjóra, kennara og starfsmanna skortir skýra stefnu og umræðu um val á leikefni og efnivið á leikskólanum. Ekki sé ánægja með leikefnið, það sé orðið þreytt og lúið og fjárskortur hafi orðið til þess að tekið sé við hverju sem er. Foreldrar segja að börnin hafi ekki kvartað en dótið sé ekki nýtt og nokkuð úr sér gengið. Að þeirra sögn hefur

20 Aðalnámskrá leikskóla 2011: 27

foreldrafélagið styrkt leikskólann bæði með fjármunum og leikföngum og hafi nýtt leikefni nær eingöngu komið þannig inn.

Áhrif barna á val á leikefni felast fyrst og fremst í því að litið er til áhuga þeirra við valið og þá sérstaklega á eldri deildinni. Að sögn deildarstjóra mættu áhrif barna vera meiri, fjármagnið ráði því hvað keypt sé og það verði helst að duga fyrir marga. Að sögn barnanna ræður kennarinn hvaða leikföng og efniviður er á leikskólanum. Að þeirra sögn er fótboltinn skemmtilegastur úti og einingakubbar og playmóbil inni; „Ég þoli ekki barbí og langar ekki að hafa það. Mig langar í hundaleik. Strákadótið er mjög leiðinlegt.“

6.5. Líðan nemenda

Að sögn stjórnenda er unnið að góðri líðan barna með því að fylgjast með þeim og umhverfið haft þannig að það hæfi viðkomandi aldri. Deildarstjórar og starfsmenn sögðu að lögð væri áhersla á móttöku barna og kveðjur. Reynt væri að mæta börnum þar sem þau eru og sýna hlýju og stuðning ef þeim líði illa. Ef upp kemur grunur um að barni líði illa reynir starfsfólk að þeirra sögn að finna hvað það er sem er að angra barnið og leysa úr málum ef hægt er. Ef ekki finnst lausn innan leikskólans eru foreldrar fengnir með í málið og reynt að leysa það. Virki það ekki þá er leitað til skólasálfræðings og leitað ráða hjá honum (4).

Að sögn stjórnenda, deildarstjóra og kennara eru ekki til skriflegir verkferlar ef grunur kemur upp að barni líði illa heldur sé þetta rætt á deildarfundum. Að þeirra sögn væri gott að hafa verkferla upp að vissu marki, það myndi stuðla að faglegri vinnubrögðum og væri gott fyrir starfsfólk sem ekki er með reynslu. Starfsfólk sagði að skortur væri á verkferlum og ósamræmi væri í viðbrögðum milli deilda og jafnvel milli mála sem upp koma. Ferlið sé ekki skýrt og seint gripið inn í mál. Að sögn nemenda, líður þeim vel í leikskólanum og þar sé skemmtilegt að vera. Ef þeim líður illa þá leiti þau til kennarans og það séu reglur sem banni að meiða, klípa og bíta. Að þeirra sögn fara þau til læknis ef þeim líður illa; „Við förum til læknis og þá hringja þau til mömmu og pabba og þau koma og sækja okkur. Ef mamma og pabbi gleyma símanum og ef maður er slysadur þá má leikskólakennarinn fara með mann til læknis.“

6.6. Lýðræði og mannréttindi

Að sögn stjórnenda fer það eftir aldri nemenda og starfsfólki hve mikið og hvernig nemendur hafa áhrif á ákvarðanatöku á leikskólanum. Það séu þá helst umræður um eitthvert efni sem verið sé að ræða eða vinna að. Nemendur koma með sínar hugmyndir og reynt er að finna lausnir sem tengjast þeim t.d. í samverustundum hvað á að lesa, hvernig á að vinna í hópastarfi og fl. Ekki sé unnið markvisst með aðkomu barna að ákvarðanatöku. Stjórnendur benda á að á leikskólanum sé ekki hafin vinna við kaflann um lýðræði og mannréttindi (4).

Að sögn deildarstjóra og kennara hafa engar umræður farið fram um lýðræði og mannréttindi heldur hafi þetta bara mótast í starfinu. Skoða mætti þennan kafla mun betur og setja upp verkferla. Skilgreina þyrfti hvar og hvernig börn hafa áhrif og hvernig hægt væri að auka áhrif þeirra. Að þeirra sögn er ekki skýrt hvernig aðkoma barna að ákvarðanatöku er en hlustað sé á þau. Yfirleitt séu þau að framkvæma sínar hugmyndir en ekki kennara. Starfsmenn sögðu að börnin hefðu áhrif í frjálssa leiknum bæði varðandi val á leikefni og verkefnum en þau kæmu ekki að ákvarðanatöku, en vinna við kaflann um lýðræði og mannréttindi sé ekki hafin. Að sögn barna stjórna kennarar leikskólanum. „Við megum ekki stjórna. Þegar XXX er óþekkur og þegar mamma nennir ekki að skamma hann þá þarf ég að skamma hann. En við búum til reglur á leikskólanum“. Þegar þau voru spurð um hvort það sé eitthvað sem þau vildu breyta þá vildu þau kaupa lifandi dýr. „Ég myndi kaupa dýr, lifandi dýr. Mig langar í hest í sveitinni og kaupa hamstur. Ég myndi bara keyra þangað og kaupa það sem mig langaði í. Ég myndi líka kaupa kappakstursbraut“.

6.7. Samskipti agi og hegðun.

Í kjölfar fjölskyldustefnu Grundarfjarðarbæjar sem mótuð var vorið 2006 var ákveðið að bjóða öllum foreldrum barna á aldrinum tveggja til tólf ára á SOS-uppeldisnámskeið sem og öllum starfsmönnum bæjarins sem komu að uppeldi og umönnun barna (3). Að sögn stjórnenda og deildarstjóra notaði leikskólinn SOS-uppeldiskerfið. Þegar kerfið var innleitt fóru allir á námskeið en þau féllu niður og eftirfylgni skorti, í framhaldinu var ákveðið að hætta að nota kerfið. Að þeirra sögn er mest notað að gefa barninu tvo kosti, að haga sér vel í því sem það er að gera eða fá ekkert að gera og láta vita þegar þau eru tilbúin að vera með. Í erfiðari málum er barnið tekið út af deildinni. Einnig er leitað ráða hjá sálfræðingi skólaþjónustunnar ef þurfa þykir (4).

Stjórnendur segja að ekki séu til skriflegir verkferlar ef upp koma aga- og hegðunarvandamál en samræmi sé milli deilda leikskólans hvernig unnið er að málum sem þessum og allir séu upplýstir um þær leiðir sem farnar eru. Að sögn deildarstjóra og kennara er áhersla á að börn umgangist hvert annað af virðingu og nálgun sé einstaklingsmiðuð. Barn sé tekið úr aðstæðum ef þurfa þykir og haft samband við foreldra í erfiðari málum. Gott væri að þeirra sögn að vera með samræmda agastefnu sem henti leikskólanum. Starfsmenn segja áherslu á að benda á jákvæða hegðun og hrós og að notuð séu hlé eða að taka börn út fyrir leik ef upp komi hegðunarvandamál. Ekki sé samræmi um hvernig tekið er á agamálum á leikskólanum en mikil þörf væri á því. Að sögn stjórnenda og starfsmanna er unnið með samskipti í barnahópnum m.a. með lífsleikni og dygðanámi, skipulagðar samverustundir séu á hverjum degi þar sem áhersla er á að taka tillit til annarra, hlusta og segja frá. Börn voru spurð út í samskipti og reglur. Þau segja að þau megi ekki láta hvernig sem er og ef einhver kunni ekki að stjórna sér fari hann í skammarkrókinn eða sé settur á stól. Ef þau kunni að stjórna sér sé gaman á leikskólanum.

Þegar þau voru spurð hvort þau gætu talað við alla þá sögðu þau að ekki væri hægt að tala við litlu börnin. „Nei það er bara hægt að tala við þá sem eru á Drekkadeild. Það er ekki hægt að tala við litlu krakkana því þeir gera bara blablabla. Allir fá samt að tala, bara ekki allir í einu“.

6.8. Skólapróun

Leikskóli verður að vera í stöðugri þróun, fylgja straumum og stefnum á hverjum tíma og auka þekkingu og framfarir í leikskólanum til hagsbóta fyrir skólasamfélagið í heild. Þróunarstarf getur m.a. falist í skipulögðum verkefnum sem eiga að leiða til nýbreytni, þróunar og umbóta í leikskólastarfinu²¹.

Sólvellir hófu þróunarverkefni árið 2004 sem heitir *Ég og leikskólinn minn* og eru ferlimöppur til að skapa markvisst upplýsingaflæði á milli skóla og heimilis. Skýrslu var skilað til þróunarsjóðs leikskóla vegna verkefnisins í júní 2008 (20). Megin tilgangur með þróunarverkefninu var að bæta samskipti foreldra og skóla, gera starfsemi leikskólans sýnilegri fyrir foreldrum og að þeir ættu auðveldara með að fylgjast með þroska barna sinna þar sem ferlimappan sýnir framfarir þeirra í gegnum leikskólagönguna (20).

Að sögn deildarstjóra og kennara er verkefnið um ferlimöppurnar í föstum skorðum, það fari þó mikill tími í það og hressa þyrfti upp á rökin fyrir því hvers vegna verið væri að vinna þessa vinnu. Ekki væri nægilegur skilningur á tilgangi og gildi ferlimappanna. Starfsmenn sögðu að það vantaði upplýsingagjöf um verkaskiptingu varðandi ferlimöppurnar og ekki væri nægur tími til að vinna þetta. Í september 2011 var ákveðið að hefja innleiðingu á verkefninu *Lífsleikni í leikskóla* sem er þróunarverkefni frá leikskólunum Síðuseli, Sunnubóli og Krógabóli á Akureyri. Unnið er með tvær til þrjár dygðir á ári. Bæklingur er sendur til allra foreldra og unnið eftir efninu á eldri deildinni og efnið haft til hliðsjónar hjá þeim yngri (4). Að sögn stjórnenda gengur vel að innleiða dygðanámið á leikskólann, yfirleitt sé tekin inn ein dygð á önn og verkefnið sé í fullum gangi.

6.9. Mat úttektaraðila

- Dagskipulag liggur fyrir og ríkir almenn sátt um það á leikskólanum. Að endurmati koma starfsmenn deilda og stjórnendur leikskólans. Dagskipulag, skóladagatal og mánaðaráætlanir deilda er aðgengilegt á heimasíðu leikskólans.
- Verkferlar vegna aðlögunar eru skýrir og skriflegir og ríkir almenn sátt um þá. Skýra má betur og samræma verkferla varðandi færslu barna milli deilda.

21 Aðalnámsskrá 2011:34

- Leikskólinn hefur að einhverju leyti sett sér skrifleg námsmarkmið með kennslunni. Úttektaraðilar hvetja til að námsmarkmið leikskólans séu sett fram með skýrari hætti en gert hefur verið t.d. við endurskoðun skólanámskrár.
- Foreldrar eru sáttir við fyrirkomulag starfsins.
- Almenn sátt ríkir um frjálsa leikinn á leikskólanum. Að mati úttektaraðila má skoða áhrif barna á frjálsa leikinn samanber aðalnámskrá 2011.
- Móta þarf skýra stefnu um val á leikefni og efniviði á leikskólanum í samvinnu við alla starfsmenn. Úttektaraðilar telja mikilvægt að leikskólinn og sveitarfélagið skoði nánar þann efnivið sem boðið er upp á í leikskólanum og móti áætlun um hvernig bæta megi leikfangakost hans.
- Auka má þátttöku barna í vali á leikefni og efniviði á leikskólanum.
- Setja þarf skýra skriflega verkferla um líðan barna og mikilvægt er að samræma þá milli deilda. Einnig benda úttektaraðilar á að skoða megi eftirfylgni mála innan leikskólans. Ánægjulegt er að börnunum finnst skemmtilegt í leikskólanum og líður vel að þeirra mati.
- Skilgreina þarf betur lýðræðisleg áhrif og aðkomu barna að ákvarðanatöku á leikskólanum og hvernig auka megi áhrif þeirra. Huga þarf að aðgerðum um lýðræði og þátttöku barna í tengslum við endurskoðun skólanámskrár.
- Úttektaraðilar hvetja til að sett verði agastefna fyrir leikskólann sem henti stefnu hans og áherslum með samvinnu allra hagsmunaaðila.
- Nokkur skólaþróun er í gangi á leikskólanum en hana má þó bæta að mati úttektaraðila. Gæta þarf að því að starfsmönnum gefist tími til að sinna ferlimöppum, skilningur á tilgangi og gildi ferlimappa sé skýr og upplýsingagjöf um verkaskiptingu til staðar.

7. SKÓLABRAGUR OG SAMSKIPTI

Í skólum þarf að skapa jákvæðan skólabrag og heilsueflandi umhverfi þar sem markvisst er hlúð að þroska og heilbrigði frá ýmsum hliðum ²². Starfsfólk skal leitast við að vera í gefandi samskiptum við börn, samstarfsfólk og fjölskyldur barna og vera góð fyrirmynd í hvívetna ²³.

Samkvæmt stjórnendum og starfsfólki einkennir góðvild, lipurð, nánd og vinsemd skólabrag leikskólans Sólvalla. Gildin sem leikskólinn starfar eftir eru vinátta, virðing og vinsemd.

7.1. Starfsandi og samskipti

Í viðhorfskönnun meðal starfsmanna leikskólans (14) kom fram að 44% starfsmanna eru mjög ósammála eða ósammála því að vera *almennt ánægð(ur) með vinnustað sinn*, 26% eru mjög sammála eða sammála á meðan 31% eru hlutlausir. Í sömu könnun kom einnig fram að 38% starfsmanna er mjög ósammála eða ósammála því að *vera ánægð(ur) í starfi sínu*, 32% voru mjög sammála eða sammála og 31% voru hlutlaus. Ennfremur voru 44% sem voru mjög ósammála eða ósammála því að *sjá sig áfram á vinnustað sínum eftir þrjú ár*, 31% voru mjög sammála eða sammála en 25% voru hlutlaus. Um 63% starfsmanna voru mjög ósammála eða ósammála því að það *sé góður starfsandi ríkjandi á mínum vinnustað*, 12% er mjög sammála eða sammála en 25% er hlutlaus (sjá töflu 7)

Hvað varðar samskipti benda niðurstöður sömu viðhorfskönnunar til að 63% starfsmanna hafi verið mjög ósammála eða ósammála því að *á vinnustaðnum byggist samskipti meðal starfsmanna almennt á trausti og virðingu*, 25% eru mjög sammála eða sammála á meðan 13% eru hlutlausir. Einnig voru 69% starfsmanna mjög ósammála eða ósammála því að *vera ánægð(ur) með upplýsingamiðlun á vinnustaðnum*, 13% voru mjög sammála en 19% voru hlutlausir. Aftur á móti voru 63% starfsmanna mjög sammála eða sammála því að *vera ánægð(ur) með samskiptin við næsta yfirmann sinn*, 13% voru ósammála en 25% hlutlausir. Ennfremur voru 69% starfsmanna mjög sammála eða sammála því að *þeir stæðu sig vel í að miðla upplýsingum á sínum vinnustað*, enginn var mjög sammála eða sammála en 31% voru hlutlausir. (sjá töflu 7). Heildarniðurstöður könnunarinnar má sjá í Viðauka I.

Tafla 7. Niðurstöður starfsmannakönnunar um skólabrag og starfsanda.

Spurning	Mjög ósammála	Ósammála	Hlutlaus	Sammála	Mjög sammála
Ég er almennt ánægð/ur með vinnustaðinn minn	6%	38%	31%	13%	13%
Á heildina litið er ég ánægð/ur í starfi mínu	13%	25%	31%	19%	13%

²² Aðalnámsskrá leikskóla 2011: 15

²³ Aðalnámsskrá leikskóla 2011: 22

Spurning	Mjög ósammála	Ósammála	Hlutlaus	Sammála	Mjög sammála
Ég sé mig áfram á mínum vinnustað eftir þrjú ár	31%	13%	25%	6%	25%
Góður starfsandi er ríkjandi á mínum vinnustað	25%	38%	25%	6%	6%
Á mínum vinnustað byggjast samskipti meðal starfsmanna almennt á trausti og virðingu	19%	44%	13%	19%	6%
Ég er ánægð/ur með upplýsingamiðlun á vinnustaðnum	31%	38%	19%	0%	13%
Ég er ánægð/ur með samskiptin við næsta yfirmann minn (deildarstjóra/millistjórnanda)	0%	13%	25%	50%	13%
Ég stend mig vel í að miðla upplýsingum á mínum vinnustað	0%	0%	31%	63%	6%

Samkvæmt starfsmönnum, sem rætt var við, hefur starfsandi í leikskólanum verið að lagast en hefur mikið stjórnast af aðstæðum. Erfitt mál hafi komið upp sem hafi haft mikil áhrif á starfsandann. Hins vegar hafi verið unnið í málinu og starfsandi batnað í kjölfarið. Nú sé lögð áhersla á góð samskipti en samkvæmt leikskólastjórnendum er starfsfólk orðið mjög „vakandi í samskiptum“ í kjölfar samskiptanámskeiða á þessu ári. Starfsmenn segja frumkvæði að góðum samskiptum fyrst og fremst koma frá þeim sjálfum.

Til að byggja upp jákvæðan skólabrag og stuðla að vellíðan barna og fullorðinna er unnið að því að leggja áherslu á gleði og gaman. Starfsmenn hittast til dæmis fyrir utan vinnu, fara út að borða, efna til jólasamverustundar með fjölskyldu og hafa lengri kaffitíma á föstudögum þar sem starfsmenn skiptast á að koma með kaffimeðlæti. Með börnum eru haldnar ýmsar uppákomur svo sem eins og bóndadagur þar sem karlmönnum í fjölskyldu barnsins er boðið í kaffi á leikskólanum og samsvarandi konudagur, einnig eru haldnir vasaljósadagar, rugldagar þar sem öllu er snúið við eða á haus, haldnir hrekkjadagar og náttfatadagar, sumargleði og haldið er upp á afmæli.

Að sögn foreldra upplifa þeir að samskipti við starfsfólk séu góð en nefna þó að erfitt hafi reynst að fá upplýsingar um skólastarfið frá stjórnendum. Það standi þó til bóta þar sem til standi að innleiða Mentor kerfið í leikskólastarfið.

7.2. Jafnrétti

Leikskólinn hefur ekki sett sér sérstaka jafnréttisstefnu. Hins vegar er til jafnréttisstefna Grundarfjarðarbæjar (13). Stefnan var samþykkt í bæjarstjórn Grundarfjarðar í nóvember 2006 (21). Samkvæmt viðhorfskönnunum meðal starfsmanna (14) eru 50% starfsmanna mjög ósammála eða ósammála því að *jafnræðis og jafnréttis gæti meðal starfsmanna á vinnustaðnum*, 25% eru mjög sammála eða sammála en 25% eru hlutlausir.

Samkvæmt leikskólastjórnendum og starfsmönnum stuðlar leikskólinn að jafnrétti með því að taka tillit til hvers og eins og gæta þess að allir „fái það sama“. Samkvæmt deildarstjórum og kennurum mætti vera unnið meira með jafnrétti til dæmis með því að virkja foreldra barna af erlendum uppruna. Ekki eru til skriflegar móttökuáætlanir vegna

erlendra barna á leikskólanum heldur er „brjóstvitið“ látið ráða samkvæmt deildarstjórum og kennurum.

7.3. Þátttaka og áhrif

Í viðhorfskönnun meðal starfsmanna kom fram að 44% starfsmanna voru mjög sammála eða sammála því að *hafa frelsi til þess að taka sjálfstæðar ákvarðanir í starfi*, 32% voru mjög ósammála eða ósammála en 25% voru hlutlausir. Sömuleiðis eru 44% sem eru mjög sammála eða sammála því að *vera spurður álits vegna ákvarðana sem snerta starfssvið hans*, 19% eru ósammála en 38% eru hlutlaus (sjá töflu 8).

Tafla 8. Niðurstöður viðhorfskönnunar meðal starfsmanna hvað varðar þátttöku og áhrif á ákvarðanir.

Spurning	Mjög ósammála	Ósammála	Hlutlaus	Sammála	Mjög sammála
Ég hef frelsi til að taka sjálfstæðar ákvarðanir í starfi mínu	13%	19%	25%	38%	6%
Ég er spurð/ur álits vegna ákvarðana sem snerta starfssvið mitt	0%	19%	38%	25%	19%

Að sögn starfsmanna í rýnihópum þá hafa þeir nokkur áhrif á starf leikskólans. Mál eru rædd á fagfundum og starfsmannafundum. Þó kom það fram að þetta væri misjafnt. Til dæmis væru áhrif starfsmanna á dagskipulag töluverð en aðkoma starfsmanna að stærri ákvörðunum væri takmörkuð. Foreldrar telja sig ekki hafa mikil áhrif og að ekki sé sérstaklega stuðlað að þátttöku þeirra í ákvörðunum en nefna þó að tekið hafi verið tillit til ábendinga frá foreldrum, til dæmis varðandi skolunaraðstöðu. Nemendur telja sig ekki hafa mikil áhrif á skólastarf enda ráði „*kennarinn*“.

7.4. Einelti

Samkvæmt leikskólastjóra hefur skólinn rætt það að setja eineltisáætlun sem er samræmd eineltisáætlun grunnskólans (13). Þetta hefur þó ekki almennt verið kynnt starfsmönnum. Hins vegar er til aðgerðaráætlun leikskólans gegn einelti (22). Í henni kemur fram að starfsfólk Sólvalla muni hvorki líða einelti né annað ofbeldi í skólanum (22). Þar er einelti skilgreint, sett fram viðmið um forvarnaleiðir og einnig er þar að finna verkferla um viðbrögð við einelti og tilkynningu um slíkt.

Ekki hafa verið lagðar fyrir sérstakar eineltiskannanir meðal starfsmanna leikskólans (13) en í viðhorfskönnun meðal starfsmanna (14) kom fram að 82% voru mjög ósammála eða ósammála því að *vera ánægð(ur) með hvernig tekið er á vandamálum á vinnustaðnum*, 13% voru mjög sammála en 6% voru hlutlausir.

Samkvæmt stjórnendum og starfsmönnum hefur komið upp erfitt mál meðal starfsmanna. Hins vegar komu fram skiptar skoðanir á því hvort umrætt mál megi teljast

til eineltis. Samkvæmt starfsmönnum gefur erfið úrvinnsla þessa tiltekna máls tilefni til þess að endurskoða verkferla varðandi einelti og jafnvel setja formlega eineltisstefnu að mati starfsmanna. Foreldrar vita ekki til þess að upp hafi komið eineltismál á leikskólanum. Hins vegar þykir þeim ástæða til að slík áætlun sé sýnileg og í gildi.

7.5. Mat úttektaraðila

- Niðurstöður viðhorfskönnunar meðal starfsmanna leikskólans Sólvalla frá því í mars 2012 bentu til nokkurrar óánægju meðal starfsmanna með stjórnun, skólabrag og samskipti. Á hinn bóginn er ljóst að á þeim tíma hafði nýlega komið upp erfitt mál sem nú hefur verið tekið á. Starfsandi hefur lagast og starfsfólk virðist hafa tekið höndum saman um að byggja upp góð samskipti. Raunar virðist mikið og virkt félagsstarf vera meðal starfsmanna skólans og einnig er nokkur fjölbreytni í félagsstarfi nemenda. Úttektaraðilar leggja þó til að hæfni stjórnenda verði styrkt til þess að fylgja eftir uppbyggingu á samskiptaferlum.
- Leikskólinn hefur hvorki virka jafnréttis- né eineltisstefnu. Í ljósi þess að erfið starfsmannamál hafa komið upp leggja úttektaraðilar til þess að slíkar stefnur verði samdar með aðkomu allra hagsmunaaðila. Mikilvægt er að verkferlar samkvæmt slíkum stefnum séu skýrir til þess að a) lágmarka líkur á því að erfið mál sem þessi komi upp og b) til þess að skýrt sé hvernig taka skuli á þeim, ef svo vill til að þau komi upp. Jafnréttis- og eineltisstefnur þurfa einnig að taka til nemenda og foreldra þeirra af sömu ástæðum og áður hafa verið nefndar.
- Leikskólinn hefur ekki sérstaka móttökuáætlun vegna barna af erlendum uppruna. Gerð slíkrar móttökuáætlunar samræmist vel vinnu við framsetningu jafnréttisstefnu. Úttektaraðilar leggja því til að slík áætlun verði samin samhliða jafnréttisstefnu.
- Starfsmenn virðast almennt vera nokkuð virkir í ákvarðanatöku í starfi leikskólans. Engin kerfisbundinn farvegur er til staðar fyrir þátttöku foreldra en vel virðist hafa verið tekið í þær athugasemdir sem komið hafa frá þeim.
- Ekki hafa verið gerðar kannanir meðal nemenda á viðhorfi þeirra og líðan. Það er mat úttektaraðila að úr því megi bæta en einnig mætti virkja foreldra til þess að meta ástand og líðan barna sinna. Auk þess væri gagnlegt fyrir stjórnendur að fá upplýsingar úr viðhorfskönnunum meðal foreldra á viðhorfi þeirra til skólastarfsins almennt og tillögur þeirra til úrbóta. Nafnlausar kannanir eru oft gagnlegar til þess að draga fram viðhorf þeirra sem tregir eru til að gagnrýna eða láta í ljósi skoðanir sínar.

8. LEIÐARLJÓS, GRUNNÞÆTTIR MENNTUNAR OG NÁMSSVIÐ LEIKSKÓLA

Í aðalnámskrá er settir fram grunnþættir menntunar sem eiga að vera leiðarljós við námskrágerð. Þeir eru læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun²⁴. Náms svið leikskólans eru: Læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi sköpun og menning²⁵.

Leikskólinn hefur að sögn stjórnenda lítið farið af stað með að innleiða grunnþætti menntunar, leiðarljós og námssvið leikskóla samkvæmt nýrri aðalnámskrá leikskóla 2011 inn í skólastarfið. Að þeirra sögn og starfsmanna er verið að vinna að leiðarljósum starfsmanna leikskólans í kjölfar námskeiðs sem haldið var með þeim í vetur. Nefnd hefur verið starfandi síðan þá og heldur hún utan um og tekur saman hugmyndir sem fram komu á námskeiðinu. Ætlunin er að leggja leiðarljósin fyrir á næsta starfsmannafundi.

Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri munu að þeirra sögn taka þátt í vinnustofu um innleiðingu aðalnámskrár í leik- og grunnskólum sem haldin verður í sumar. Vinnustofan er hluti af verkefninu *Leiðtogi í heimabyggð* sem er samstarfsverkefni mennta- og menningarmálaráðuneytisins, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Skólustjórafélags Íslands og Félags stjórnenda í leikskólum. Ætlunin er að þeir sem sækja vinnustofuna séu að búa sig undir að stýra innleiðingu aðalnámskrár (4). Að sögn stjórnenda hefur ekki verið útbúin verkáætlun um hvernig þessari vinnu skuli háttað né hverjir komi að henni. Ætlunin sé að nota næsta vetur til að lesa sér til, skoða námskrána og ákveða hvernig unnið er með hana áfram (4). Að sögn deildarstjóra, kennara og starfsmanna hefur engin umræða farið fram um grunnþætti menntunar, námssvið leikskóla og leiðarljós leikskólans ef frá er talin vinna við leiðarljós starfsmanna.

8.1. Samþætt og skapandi skólastarf

Leikskólastarf byggist á lögum um leikskóla þar sem lögð er áhersla á gildi leiksins. Við skipulagningu leikskólastarfs skal jafnframt taka mið af leiðarljósum leikskóla, grunnþáttum menntunar og námssviðum leikskóla²⁶.

Í skólanámskrá leikskólans kemur fram að hann starfar eftir námssviðum aðalnámskrár leikskóla frá árinu 1999 en þau eru hreyfing, myndsköpun, menning og samfélag, náttúra og umhverfi, málrækt og tónlist. Fyrir hvert námssvið eru tilgreindir helstu áhersluþættir leikskólans og leiðir að þeim (3). Að sögn stjórnenda og starfsmanna hefur ekki verið mikið rætt um námssvið leikskólans og mætti gera betur í því efni. Starfsmenn benda að auki á að ekki sé nægileg umræða um kennsluáðferðir leikskólans.

24 Aðalnámskrá leikskóla 2011: 9

25 Aðalnámskrá leikskóla 2011: 28

26 Aðalnámskrá leikskóla 2011:9

8.1.1. Náms svið leikskóla

Á Sólvöllum er áhersla á að málörvun gangi eins og rauður þráður í gegnum allt leikskólastarfið og að leikskólakennarinn sé fyrirmynd í daglegu tali og daglegum venjum. Í samverustundum er lesið fyrir börnin og sagðar eru sögur. Unnið er með markvissa málörvun og ritmál er sýnilegt. Unnið er með *Tákn með tali TMT* og er það notað í samverustundum, í söngstundum og við matarborðið til að tákna matinn. Myndrænar stundatöflur eru sendar með börnunum heim í byrjun hvers mánaðar. Þar eru merkt inn afmæli, hreyfistundir, sérstakir dagar og fl.

Að sögn deildarstjóra og kennara er málrækt mjög stór þáttur í uppeldisstarfi Sólvalla. Hljóm2 sé lagt fyrir öll elstu börnin að hausti og þau börn sem komi illa út séu prófuð aftur að vori. Einnig sé EFI2 skimunarpróf lagt fyrir börn á aldrinum þriggja til fjöggra ára. Öll börn séu skimuð en að þeirra mati vanti úrtak fyrir tvítyngd börn til þess að hægt sé að staðla próf fyrir þessi börn.

Að sögn stjórnenda er farið í vikulegar hreyfistundir með eldri börnum og eru þær skipulagðar með tilliti til aldurs og getu barnanna. Áhersla er á upphitun, aðalæfingu og slökun. Að sögn deildarstjóra og kennara fara öll börn í hreyfiþroskapróf síðustu tvö árin þeirra í leikskólanum. Í daglegri útiveru fá börnin frjálsta hreyfingu í garðinum og farið er í gönguferðir.

Föndursvæði er í Neshúsi en þar er aðstaða til að mála og föndra. Börnin eiga kost á að vinna á skapandi hátt með leir og annan efnivið. Einnig er á deildum unnið með ákveðið efni hverju sinni. Að vori er opið hús í leikskólanum þar sem foreldrum gefst tækifæri til að skoða vinnu vetrarins. Í tónlist er áhersla á söngstundir á hverjum degi. Búnir eru til hljóðgjafar, hlustað er á geisladiska og hljóðsnældur. Hljóðfærakassi er til staðar með ýmsum hljóðfærum. Farið er í heimsóknir í tónlistarskólann með tvo elstu árgangana. Að sögn starfsmanna skortir nokkuð á stuðning við þá varðandi tónlist og benda þeir á að gott væri að senda fólk á námskeið.

Árið 2005 gekk leikskólinn til liðs við verkefnið *Skólar á grænni grein* eins og fram kemur í kafla 2.3. Eitt af verkefnunum til að fá Grænfána var að semja umhverfissáttmála leikskólans og eru áherslur hans m.a. flokkun, endurnýting og fræðslustarf. Skipulagðar sveitaferðir eru að vori en þá er farið að skoða dýrin. Börnin fara oft í vettvangsferðir með kennurum. Í leikskólanum er áhersla á að barnið kynnist ýmsu í menningu samfélagsins. Kennar eru gamlar þulur og kvæði, farið er í ýmsa gamla leiki og fjallað um íslenska fánann. Hafðar eru í heiðri ýmsar hefðir og hátíðir í íslensku þjóðlífi s.s. dagur íslenskrar tungu, þorrablót, sprengidagur öskudagur og fl.

Áhersla er á hollan og fjölbreyttan mat í leikskólanum. Ef börn þurfa sérþæði vegna fæðuofnæmis eða óþols er séð um að þau fái mat við sitt hæfi í samvinnu við foreldra. Eins er tekið á því ef börn þurfa sérþæði vegna trúar og þá er unnið með það eins og fæðuþól. Í skólanámkrá er farið yfir skipulag hreinlætis, borðhalds, frágangs og svefns og hvíldar (3).

Að sögn deildarstjóra og kennara mætti gera betur í að samþætta námssviðin á leikskólanum og starfsmenn benda á að þjálfar megi starfsfólk betur til að sinna þessum greinum. Mannauð megi nýta betur í faglegu starfi t.d. hafi „*menntaður myndlistarkennari verið settur í þrif*”.

8.2. Mat úttektaraðila

- Aðlögun nýrrar aðalnámskrár er skammt á veg komin á Sólvöllum og starfsaðferðir miða við námssvið aðalnámskrár frá 1999. Í framhaldi af vinnustofu um innleiðingu aðalnámskrár í leik- og grunnskólum eru leikskólinn og sveitarfélagið hvött til að setja tímasetta aðgerðaráætlun vegna þessa með aðkomu allra hagsmunaaðila.
- Auka þarf umræðu um námssvið leikskóla og samþætta betur þær kennsluáferðir sem leikskólinn fylgir til að ná þeim fram. Skýra þarf aðkomu starfsmanna að aðlögun námssviða að nýrri aðalnámskrá. Unnið er með markvissa málörvun, Hljóm2 er lagt fyrir elstu börnin og EFI2 skimunarpróf lagt fyrir börn á aldrinum þriggja til fjöggra ára. Hreyfistarf er í föstum skordum og hugað er að neysluvenjum og umgengnisháttum.
- Úttektaraðilar hvetja til að þar sem hlutfall faglærðra sé fremur lágt sé mikilvægt að nýta fagþekkingu sem best sem og styrkleika annarra starfsmanna. Þá þarf starfsfólk að fá þjálfun til að sinna greinum námssviða betur.

9. INNRA MAT

Hver leikskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 17. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, barna og foreldra eftir því sem við á. Leikskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur²⁷.

Innra mat hefur verið framkvæmt í leikskólanum á grundvelli Ecerskvarðans (13) (7). Skólinn hefur áætlun um innra mat á grundvelli kvarðans á þann hátt að taka eigi fyrir allan kvarðann á þremur árum. Hluti hans er því lagður fyrir einu sinni á ári. Að sögn stjórnenda fer svo fram hálfgert mat í starfsmannasamtölum.

9.1. Framkvæmd og ábyrgð

Leikskólastjóri er ábyrgur fyrir því að skólastarfið sé í samræmi við lög, reglugerðir og aðalnámskrá leikskóla.²⁸ Engin áætlun um innra mat fyrir utan fyrirlögn Ecerskvarðans er gerð hjá leikskólanum. Að sögn stjórnenda og starfsmanna eru verkferlar varðandi framkvæmd innra mats ekki skýrir.

9.2. Þátttaka og áhrif

Samkvæmt leikskólastjórnendum er starfsfólk virkt þegar kemur að því að svara Ecerskvarðanum. Skiptar skoðanir voru aftur á móti meðal starfsmanna hvað þetta varðar. Fram kom í rýnihópum þeirra að nokkur mótstaða væri meðal starfsmanna varðandi Ecerskvarðann þar sem ekki væri til staðar trú á eftirfylgni í kjölfar fyrirlagnar á honum. Einnig kom fram að ekki væri til nein áætlun um hvernig vinna ætti úr honum og að í raun væri enginn tími fyrir slíka vinnu. Hvorki foreldrar né börn koma að fyrirlögn Ecerskvarðans og eru þar með ekki virk í því innra mati sem er til staðar.

Að sögn stjórnenda og starfsfólks fer mat á frammistöðu starfsfólks að einhverju leyti fram í starfsmannasamtölum. Þar eru starfsmenn spurðir um það hvernig þeir telji sig hafa staðið sig í starfi.

Samkvæmt stjórnendum ætti innra mat á grundvelli Ecerskvarðans að gefa fullnægjandi upplýsingar um veikleika og styrkleika skólastarfsins. Hins vegar sé það ljóst að túlkun á spurningum kvarðans sé mismunandi. Kvarðinn hafi ekki verið mikið kynntur þótt um hann hafi aðeins verið rætt inni á deildum.

²⁷ Lög um leikskóla 90/2008, 18. gr.

²⁸ Lög um leikskóla 90/2008, 5. gr.

9.3. Eftirfylgni og kynning á niðurstöðum

Samkvæmt leikskólastjórnendum og fulltrúum sveitarfélagsins hefur innra mat á grundvelli Ecerskvarðans ekki verið kynnt með formlegum hætti. Munnleg skýrsla hefur þó verið gefin fulltrúum sveitarfélagsins á skólanefundarfundum. Að sögn starfsmanna hefur einnig verið farið yfir niðurstöður á deildarfundum og starfsmannafundum. Foreldrum hafa ekki verið kynntar niðurstöður innra mats.

Fulltrúar sveitarfélagsins segja að smæð samfélagsins hafi þau áhrif að óformleg samskipti séu frekar ríkjandi en formleg skýrslugjöf. Einnig sé innra mat leikskóla nýtilkomið og kröfur hafi aukist með nýjum lögum. Að sögn leikskólastjórnenda hefur innra mati að einhverju leiti verið fylgt eftir í skólaþróun, „að minnsta kosti í sambandi við aðbúnað“. Slík eftirfylgni hafi þó ekki verið markviss. Fulltrúar sveitarfélagsins benda á að innra mat sé gott tæki til þess að örva skólaþróun en nokkur þörf sé á meiri þróun innan leikskólans. Ekki hefur verið gerð umbótaáætlun þar sem tekið er mið af niðurstöðum innra mats en fulltrúar sveitarfélagsins benda á að „fólk sé störfum hlaðið og lítill tími til að sinna þessu“. Þó telja allir hagsmunaaðilar að skýrt sé að leikskólastjóri sé ábyrgur fyrir umbótum og eftirfylgni í kjölfar innra mats.

9.4. Mat úttektaraðila

- Innra mat leikskólans er ekki að fullu í samræmi við lög um leikskóla frá árinu 2008 og aðalnámskrá frá árinu 1999 né 2011. Innra mat fer fram með fyrirlögn Ecerskvarðans og þótt starfsmenn séu nokkuð virkir í fyrirlögn hans koma hvorki foreldrar né börn að svörun hans.
- Ekki er gerð áætlun um innra mat og verkferlar um fyrirlögn innra mats eru ekki skýrir.
- Stjórnendur telja að innra mat með fyrirlögn Ecerskvarðanum ætti að veita fullnægjandi upplýsingar um skólastarfið. Aftur á móti hafa niðurstöður úr fyrirlögn hans ekki verið kynntar hagsmunaaðilum á markvissan né skilmerkilegan hátt. Það er mat úttektaraðila að innra mat á grundvelli kvarðans sé ekki nægjanlegt. Gera þarf markvissa áætlun um framkvæmd innra mats með aðkomu og þátttöku starfsmanna, barna og foreldra. Einnig eru nauðsynlegt að niðurstöður séu kynntar þessum sömu hagsmunaaðilum og tillögur að úrbótum lagðar fram á grundvelli þeirra.
- Skýra þarf alla verkferla varðandi innra mat og framkvæmd þess. Það er tillaga úttektaraðila að stjórnendur fái videigandi fræðslu og stuðning til þess að gera slíka verkferla og fylgja þeim eftir í framkvæmd innra mats á þann hátt að það samræmist lögum. Vel unnið innra mat veitir einnig upplýsingar um hvar tækifæri eru til skólaþróunar og mikilvægt er að stjórnendur setji sér áætlun um innra mat með tilliti til skólaþróunar.

10. FORELDRASAMSTARF OG YTRI TENGL

Foreldrar leikskólabarna skulu gæta hagsmuna barna sinna. Þeir skulu hafa náið samráð við starfsfólk leikskóla og fylgjast með skólagöngu barna sinna og veita þær upplýsingar sem kunna að skipta máli fyrir skólastarfið og velferð barna. Foreldrar skulu jafnframt eiga rétt á upplýsingum um skólastarfið og stöðu barna sinna. Eigi í hlut foreldrar sem tala ekki íslensku eða nota táknmál skal skóli leitast við að tryggja þeim túlkun á upplýsingum sem nauðsynlegar eru vegna samskipta foreldra og skóla samkvæmt þessari grein²⁹.

Að sögn skólastjórnenda og starfsmanna hefur skólanum tekist að koma á nokkurri samvinnu við foreldra og aðra hagsmunaaðila. Nefnt er að auðvelt sé að fá sjálfbóðaliða meðal foreldra til að koma með í ferðir og góð samvinna sé við vinnustaði foreldra í grenndarsamfélaginu í formi heimsókna leikskólabarna þangað. Foreldrar nefna hins vegar að samstarfi leikskóla og foreldra vegna foreldraráðs sé ábótavant þar sem ekki hafi tekist að koma því á “koppinn”. Ekki hafa verið lagðar fyrir kannanir meðal foreldra um foreldrasamstarf. Í rýnihópi foreldra kom fram að í heild ríkir sátt milli leikskólans og foreldra um fyrirkomulag starfsins en foreldrar hafi þó engan samanburð, það er að segja að þeir hafi litla reynslu af skólastarfi annarra leikskóla.

10.1. Foreldraráð

Kjóra skal foreldraráð við leikskóla og skal leikskólastjóri hafa frumkvæði að kosningu í ráðið ... Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi³⁰.

Kosið var í þriggja manna foreldraráð á aðalfundi foreldrafélagsins haustið 2012. Hins vegar hætti einn meðlimur áður en ráðið kom saman og því er það í raun ekki starfrækt (5). Að sögn stjórnenda vita þeir ekki til þess að sótt hafi verið um undanþágu vegna þess til sveitarfélagsins. Að sögn leikskólastjóra eru foreldrar upplýstir um hlutverk og skyldur foreldraráðs. Foreldrar, sem rætt var við, sögðu að farið hefði verið yfir skyldur foreldraráðs á aðalfundi foreldrafélagsins en þeir telji þó að skólastjórnendur hafi ekki fylgt þessu nægilega vel eftir. Hlutverk ráðsins sé því óljóst foreldrum.

29 Lög um leikskóla nr. 90/2008, 9. gr.

30 Lög um leikskóla nr. 90/2008, 11. gr

10.2. Foreldrafélag

Við skólann er starfandi foreldrafélag (23). Í stjórn foreldrafélagsins sitja sjö einstaklingar, fulltrúi frá leikskólanum þar með talinn. Fundargerðir foreldrafélagsins eru ekki til í rafrænu formi og ekki birtar á heimasíðu skólans. Samkvæmt foreldrum í rýnihópi telja þeir ekki nauðsynlegt að fundargerðir foreldrafélagsins séu birtar og í raun sé mikilvægara að birta fundargerðir foreldraráðsins. Fundargerð aðalfundar er þó birt á vef Grundarfjarðarbæjar. Foreldrafélagið kemur óreglulega saman yfir skólaárið og fer fundarhald mikið fram í gegnum tölvupóst.

Á skólaárinu 2012 – 2013 stóð foreldrafélagið fyrir hinum ýmsu viðburðum s.s. jólaföndri, öskudagsskemmtun, bíósýningu, elstubarnaferðalagi, grillveislu og leiksýningu (23).

10.3. Lýðræði og þátttaka

Skólastjórnendur segja að foreldrar geti komið sjónarmiðum sínum á framfæri á árgangafundum og í foreldraviðtölum. Starfsmenn eru almennt sammála um að aðgengi foreldra að þeim sé gott og að þeir geti komið sjónarmiðum sínum á framfæri í daglegum samskiptum. Starfsmenn bentu einnig á að dæmi séu um að foreldrar komi ábendingum sínum um skólastarf á framfæri í gegnum bæjarstjóra. Samkvæmt foreldrum í rýnihópi vita þeir ekki til þess að mikið sé um ábendingar úr þeirra hópi. Tækifæri til þess að koma á framfæri ábendingum séu fá og foreldrar kannski almennt ekki áhugasamir um þetta.

Að sögn skólastjórnenda eru foreldrar virkir þátttakendur í skólastarfinu á þann hátt að „*flestir taka virkan þátt þegar eitthvað er í gangi*“. Til dæmis eru árgangafundir vel sóttir þótt aðalfundur foreldrafélagsins sé það ekki.

10.4. Samskipti við heimilis og grenndarsamfélag

Að sögn leikskólastjórnenda, starfsmanna, foreldra og fulltrúa sveitarfélagsins á leikskólinn í nokkru samstarfi við grenndarsamfélagið. Til dæmis er samstarf við dvalarheimilið, Grunnskóla Grundarfjarðar og fjölbrautaskólann. Tveir elstu hópar leikskólábarnanna fara reglulega í heimsókn á dvalarheimili aldraðra, nemendur úr fjölbrautaskólanum vinna verkefni í tengslum við leikskólastarfið, fá að fylgjast með því og taka þátt í starfinu. Auk þess hefur leikskólinn tekið þátt í menningarviðburðum og bæjarhátíð Grundarfjarðarbæjar. Einnig eru skipulagðar heimsóknir á vinnustaði foreldra barna í leikskólanum sem hefur verið auðsótt mál vegna smæðar samfélagsins.

Að sögn stjórnenda og starfsmanna er aðgangur foreldra að upplýsingum um skólastarfið greiður. Þeir bentu á að foreldrar fá ferlimöppur heim eftir foreldraviðtöl og geta haft þær hjá sér um tíma. Auk þess er upplýsingum miðlað í gegnum heimasíðu en þeir sem þess óska geta fengið útprentaðar upplýsingar. Einnig er gerð stundaskrá fyrir

hvern árgang og fyrir hvern mánuð sem send er foreldrum með tölvupósti. Samkvæmt foreldrum er þó upplýsingaflæði misjafnt eftir árgöngum og virðist það velta á hópstjórum hvernig upplýsingaflæði er háttað.

10.5. Mat úttektaraðila

- Leikskólanum hefur tekist að koma á góðri samvinnu við foreldra og grenndarsamfélagið meðal annars með vinnustaðaheimsóknum.
- Foreldraráð er ekki virkt og foreldrum virðist hlutverk þess ekki ljóst. Nauðsynlegt er að leikskólastjóri leiti leiða til að virkja ráðið í samræmi við það sem lög segja.
- Foreldrafélag skólans er virkt og á í reglulegum samskiptum með tölvupósti. Félagið fundar þannig ekki reglulega og heldur ekki sérstakar fundargerðir á rafrænu formi en sinnir reglubundnum verkefnum nokkuð vel. Foreldrafélagið hefur einnig lagt skólanum til námsgögn í formi útileikfanga. Það virðist því sinna hlutverki sínu vel.
- Starfsmenn og foreldrar eru almennt sammála um að samskipti á milli þeirra séu góð. Helstu athugasemdir lúta að misræmi í upplýsingaflæði sem bæta mætti með skýrum verkferlum og eftirfylgni þeirra.

11. SÉRKENNSLA BARNNA OG SÉRFRÆÐIÞJÓNUSTA SVEITARFÉLAGSINS

Mat á námi á að beina sjónum að áhuga barna, getu þeirra og hæfni. Börn sýna getu, þekkingu, hæfni og áhuga á ólíkan hátt. Mat á þar af leiðandi að vera einstaklingsmiðað og til þess gert að efla hvert barn. Á grundvelli þess skal veita þeim námstækifæri og stuðning við hæfi svo að þau geti tekið virkan þátt í skólalastarfinu³¹. Á vegum sveitarfélaga skal rekin sérfræðiþjónusta fyrir leikskóla. Í sérfræðiþjónustu felst annars vegar stuðningur við leikskólabörn og fjölskyldur þeirra og hins vegar stuðningur við starfsemi leikskóla og starfsfólk þeirra. Leikskólastjóri skal samræma innan hvers leikskóla störf þeirra sem sjá um málefni einstakra barna skv. 21. gr. Jafnframt skal hafa samráð við félagsþjónustu sveitarfélaga vegna málefna einstakra barna eftir því sem þurfa þykir³².

11.1. Sérkennsla barna

Á leikskólanum er starfandi leikskólakennari í 50% starfi með diploma í sérkennslu. Hann sér um málörvun og félagsmótun. Að auki er stuðningsfulltrúi í 100% starfi (4). Börn með fötlun og börn með frávik í þroska fá að sögn stjórnenda sérkennslu samkvæmt reglugerð um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga. Meginreglan sé að sérkennslan fari fram í hópnum með öðrum börnum. Sérkennari og stuðningsfulltrúi séu ásamt deildarstjóra ábyrgir fyrir því að gerðar séu áætlanir vegna barnanna og þeim framfylgt. Unnið sé eftir leiðbeiningum frá sérfræðingum að sögn stjórnenda og komi þeir að endurmati nemenda ca. einu sinni á ári (4). Ef grunur leikur á að barn þarfnist sérkennslu sé fylgst sérstaklega með því og í framhaldi af því séu gerðar ráðstafanir sem hægt er að framkvæma innan ramma leikskólalastarfsins. Ef ástæða þyki til frekari aðgerða sé í samráði við foreldra barnsins fenginn sérfræðingur til ráðgjafar. Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga er með ráðgjafaþjónustu fyrir foreldra og starfsfólk leikskólans. Þegar búið sé að greina fötlun hjá barni þá er unnið í samvinnu við FSSF (3) (9).

Sérkennslustjóri segir að skýrir verkferlar séu um eftirfylgni í framhaldi af greiningu en ekki séu gerðar einstaklingsáætlanir fyrir hvern nemenda sem hlýtur sérkennslu nema varðandi talkennslu. Að sögn stjórnenda, sérkennslustjóra og fulltrúa sveitarfélagsins er sérkennsla kynnt foreldrum og öðrum hluteigandi aðilum með ferlimöppum, á árgangafundum, fyrir foreldrum sem hlut eiga að máli, á heimasíðu leikskólans og í skólanámskrá, Að þeirra sögn er aðgengi barna og foreldra að þjónustunni gott, frumkvæði komi bæði frá foreldrum og sérkennara. Sátt ríki meðal starfsfólks og foreldra um sérkennslu innan leikskólans. Fulltrúar sveitarfélagsins benda á að það hafi verið framfaraskref að hafa sérkennara á leikskólanum og starfsmenn segjast hafa séð

³¹ Aðalnámskrá leikskóla 2011:31.

³² Lög um leikskóla nr. 90/2008, 21. og 22. gr.

breytingar til hins betra eftir að hann tók til starfa. Hins vegar óska þeir eftir auknum upplýsingum frá sérkennara um hvernig unnið er með börnunum.

11.2. Sérfræðiþjónusta sveitarfélagsins

Aðgengi skólans og foreldra að sérfræðiþjónustu er í samræmi við ákvæði reglugerðar um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga að mati stjórnenda, sérkennara og fulltrúa sveitarfélagsins. Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga (FSSF), sem rekin er sameiginlega af sveitarfélögum á norðanverðu Snæfellsnesi, er með ráðgjafaþjónustu til foreldra og starfsfólks leikskólans. Félags- og skólaþjónustan starfar á ábyrgð félagsmálanefndar Snæfellinga í umbóði bæjarstjórnanna á Snæfellsnesi samkvæmt sérstökum samningi. Skipulagning og framkvæmd þjónustunnar er í höndum starfsfólks FSSF (24).

Skv. stjórnendum, sérkennslustjóra og fulltrúum sveitarfélagsins fær leikskólinn ráðgjöf um skólastarf frá sérfræðingum utan skólans sé þess óskað (4). Að sögn stjórnenda fær leikskólinn þjónustu sálfræðings ca. fjóra tíma og talmeinafræðings ca. sex tíma í mánuði yfir skólaárið september - maí. Félagsráðgjafi sinnir málefnum fatlaðra og situr ásamt stuðningsaðila, stjórnendum, foreldrum og hjúkrunarfræðingi frá heilsugæslunni í teymi sem sett er af stað fyrir hvern einstakling. Fer þetta eftir þörf á hverjum tíma (4).

Að sögn stjórnenda og foreldra er almenn ánægja með þjónustu sveitarfélagsins. Aðgengi barna og foreldra að sérfræðiþjónustu sveitarfélagsins er gott að mati sérkennara, foreldra og fulltrúa sveitarfélagsins en kynna mætti betur þjónustu sveitarfélagsins fyrir foreldrum að mati sérkennara. Að sögn stjórnenda og fulltrúa sveitarfélags eru verkferlar um eftirfylgni í framhaldi af greiningu skýrir hjá sveitarfélaginu. Gerð er áætlun fyrir hvert barn sem þarf á sérstöku úrræði að halda innan leikskólans. Verið sé að skoða gerð einstaklingsnámskráa fyrir börn sem fá sérkennslu. Sérkennari leikskólans segir hins vegar að það vanti stefnu í þessum málum og ákveðið ööryggi ríki með eftirfylgni.

Samstarf er við heilsugæslustöð í sambandi við heilsu og þroska barnanna. Að sögn stjórnenda er samstarf við heilsugæsluna varðandi tveggja og fjögurra ára skoðun og ef annar hvor aðilinn er ekki öruggur hvað varðar þroska eða heilsufar barns þá er haft samband og málið skoðað (4). Ekki er haft samráð við heilsugæslustöð nema með samþykki foreldra. Foreldrar eru beðnir um samþykki sitt í byrjun leikskólagöngu barnsins (2).

11.3. Mat úttektaraðila

- Aðgangur leikskólans, barna og foreldra að sérfræðiþjónustu sveitarfélagsins er að mestu leyti í samræmi við ákvæði reglugerðar um sérfræðiþjónustu sveitarfélagsins.
- Skortur er á að einstaklingsáætlanir séu gerðar fyrir hvern nemenda sem hlýtur sérkennslu nema varðandi talkennslu og er hvatt til að bætt verði úr því.

- Leikskólinn er hvattur til að umsjónarmaður sérkennslu virki sem yfirmaður en þjónusti ekki eingöngu ákveðna hópa. Hann virki sem tengiliður milli leikskólans og skólaskrifstofu, komi að heildrænu skipulagi, áætlanagerð og eftirfylgni.
- Sérkennsla er kynnt foreldrum og öðrum hluteigandi aðilum í ferlimöppum, á árgangafundum, fyrir foreldrum sem hlut eiga að máli, á heimasíðu leikskólans og í skólanámskrá.
- Aðgengi barna og foreldra að Sérfræðiþjónustu sveitarfélagsins er góð en kynna mætti þjónustuna betur fyrir foreldrum.
- Ósamræmi kemur fram í rýnihópum um hvort verkferlar um eftirfylgni í framhaldi af greiningu séu skýrir hjá sveitarfélaginu. Hvatt er til að leikskólinn og sveitarfélagið skoði þennan þátt nánar.
- Gott samstarf virðist vera á milli leikskólans og heilsugæslu.

12. MAT OG EFTIRLIT SVEITARFÉLAGSINS

Sveitarfélög sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahlads, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur. Sveitarfélög skulu fylgja eftir innra og ytra mati þannig að slíkt mat leiði til umbóta í skólastarfi³³.

Fulltrúar sveitarfélagsins og leikskólastjórnendur segja Grundarfjarðarbæ ekki hafa lagt sérstakar áherslur í ytra mati á leikskólanum. Leikskólinn var þátttakandi í starfsmannakönnun á vegum bæjarins (14) sem gerð var vorið 2012 en ekki hafa verið lagðar fyrir aðrar kannanir meðal starfsfólks eða hagsmunaaðila.

Samkvæmt skólastjórnendum voru niðurstöður þessarar könnunar fyrir leikskólann kynntar á starfsmannafundi fyrir alla starfsmenn leikskólans. Á grundvelli niðurstaðna voru haldin samskiptanámskeið fyrir starfsmenn og vinnusálfræðingur fenginn til ráðgjafar. Rætt hefur verið um að leggja fyrir aðra könnun eftir þessar aðgerðir en samkvæmt leikskólastjórnendum liggur ábyrgð á þeirri framkvæmd hjá fulltrúum bæjarfélagsins. Bæjarstjóri segir að stefnt sé að því að leggja könnunina fyrir á komandi hausti.

Að sögn fulltrúa sveitarfélagsins liggur skólastefna sveitarfélagsins ekki fyrir en sé þó í mótun. Stefnt er að aðkomu allra hagsmunaaðila að þeirri vinnu. Þeir segja vilja hjá sveitarfélagsins til að reka metnaðarfullan leikskóla. Litið sé á leikskólann sem menntastofnun í þróun. Þó sé ljóst að hrúnið hafi reynt mjög á starfsfólk sveitarfélagsins og starfsfólk skólanna hafi orðið „*stuðpúði fyrir vanlíðan annarra*“. Einnig tóku fulltrúarnir fram að reynt hefði verið að verja leikskólann fyrir niðurskurði eins og hægt var.

Samkvæmt fulltrúum hefur rekstur skólans gengið vel fyrir utan það að erfitt hefur verið að ráða fagmenntað fólk. Þó er bent á að óæskilegt sé að vinnustaður sé einkynja eins og í tilfalli Sólvalla. Ekki hefur þó verið gripið til aðgerða til að laða að karlmenn til vinnu á leikskólanum. Jafnréttisstefna er til en hana þyrfti að endurskoða. Starfsmannastefna er ekki til skrifleg hjá sveitarfélaginu.

Nokkur vandamál hafa komið upp tengd mönnun. Til dæmis hefur safnast upp frítökuréttur starfsmanna vegna unninnar yfirvinnu. Auk þess benda fulltrúar sveitarfélagsins á að „*mikil góðmennska*“ hamli því að stjórnun sé í föstum skorðum. Skýra þyrfti verkaskiptingu og hlutverk stjórnenda betur og bæta stuðning við stjórnendur.

Samkvæmt fulltrúum sveitarfélagsins er ekki samstarf við önnur sveitarfélög um leikskóla. Þó vita þeir til þess að leikskólastjórar á Snæfellsnesi hittist á fundum þar sem þær „*bera saman bækur sínar*“. Til stendur þó meira samráð vegna innleiðingar nýrrar skólanámskrár sem nær bæði til leik- og grunnskóla. Að lokum bentu fulltrúar

³³ Lög um leikskóla nr. 90/2008, 19.gr.

sveitarfélagsins einnig á að lögum samkvæmt eigi að vera leikskólafulltrúi starfandi en erfitt sé að veita þá þjónustu þvert á Félags- og skólaþjónustu Snæfellsnes.

12.1. Mat úttektaraðila

- Ytra mat sveitarfélagsins er ekki í samræmi við lög um leikskóla frá árinu 2008 og aðalnámskrá 2011. Mikilvægt er að sveitarfélagið meti skólastarf í samræmi við það sem lög segja og með hliðsjón af aðstæðum leikskólans og sérstöðu.
- Ytra mat sveitarfélagsins hefur fyrst og fremst falið í sér viðhorfskannanir meðal starfsmanna og foreldra. Þær hafa þó ekki farið fram reglulega. Matið snýr mest að fjárhagsáætlun en skólinn hefur ekki farið fram úr rekstraráætlunum.
- Í ljósi þess að vinna við skólastefnu sveitarfélagsins á að hefjast innan skamms er það mat úttektaraðila að sveitarfélagið ætti að setja fram skýra mælikvarða á gæði leikskólastarfs í samræmi við nýja skólastefnu. Það er mikilvægt að þessir mælikvarðar verði settir fram þannig að sátt ríki um þá og með aðkomu allra hagsmunaaðila að skólastarfinu. Á grundvelli þessara mælikvarða er hægt að leggja mat á framgang skólastarfsins og samræmi þess við stefnu sveitarfélagsins í skólamállum. Nauðsynlegt er að niðurstöðum þess sé skilað til ráðuneytis og kynntar hagsmunaaðilum skólasamfélagsins. Einnig skal tekið tillit til þeirra við gerð umbótaáætlana og við skólaþróun.
- Ekki er starfandi leikskólafulltrúi á vegum sveitarfélagsins eða Félags- og skólaþjónustu Snæfells. Úttektaraðilar hvetja til að skoðað sé hvort þörf sé á slíkri stöðu.

13. NIÐURSTÖÐUR HÖFUNDA

Í þessari skýrslu hefur verið gerð grein fyrir niðurstöðum á úttekt á leikskólanum Sólvöllum í Grundarfirði. Áhersla úttektarinnar fólst í að leggja mat á hvort starfsemi leikskólans væri í samræmi við ákvæði laga og reglugerðar og aðalnámskrá leikskóla. Í viðtölum voru stjórnendur, kennarar, starfsmenn, foreldrar og fulltrúar sveitarfélags spurðir út í styrkleika, veikleika, ógnanir og tækifæri leikskólans. Hér að neðan má sjá helstu niðurstöður úr viðtölum við þessa aðila ásamt mati úttektaraðila.

13.1. Styrkleikar og veikleikar

Tafla 9. Styrkleikar og veikleikar leikskólans.

Styrkleikar	Veikleikar
Dagskipulag liggur fyrir og ríkir almenn sátt um það á leikskólanum. Verkferlar vegna aðlögunar eru skýrir og skriflegir.	Skólastefna Grundarfjarðarbæjar er ekki til.
Foreldrar eru sáttir við fyrirkomulag starfsins.	Ekki hefur farið fram endurskoðun á stefnu og skólanámskrá. T.d. er ekki er stefna um val á leikefni og efniviði. Ekki er til tímasett aðgerðaráætlun með aðkomu allra hagsmunaaðila.
Sátt ríkir um frjálsa leikinn á leikskólanum.	Ekki ríkir sátt um stjórnun leikskólans. Eftirfylgni, skilvirkni, skipulag og upplýsingaflæði ekki fullnægjandi af hálfu stjórnenda. Ábyrgðaskipting stjórnenda er ekki skýr.
Starfsmenn virkir í ákvarðanatöku í starfi leikskólans.	Skortur er á faglegum og formlegum skýrslum og verkferlum frá stjórnendum leikskólans og efla þarf endurgjöf, samskipti og samstarf stjórnenda og fulltrúa bæjarins.
Foreldrafélag virkt og góð samvinna er við foreldra og grenndarsamfélagið.	Lágt hlutfall leikskólakennara.
Góð samskipti milli foreldra og starfsmanna.	Ónóg umræða meðal starfsmanna um nám og kennsluáðferðir. Starfið ekki nægilega faglegt og mannauður ekki nýttur nægilega markvisst.
Hlýlegt viðmót starfsfólks og stöðugleiki í starfsmannamálum.	Skriflegt ferli um móttöku nýliða er ekki til staðar og símenntunaráætlun ómarkviss.
Börnum líður vel.	Skólalód leikskólans hefur ekki verið tekin út árlega af óháðum aðila líkt og lög gera ráð fyrir. Ekki er til áhættumat með tilliti til staðsetningar skólans.

Styrkleikar	Veikleikar
Stærð skólans, ekki stórir hópar og litlir árgangar og engir biðlistar.	Ekki hafa verið haldnar reglulegar brunaæfingar með aðkomu allra hagsmunaaðila
Góð þjónusta þar sem komið er til móts við foreldra.	Aðstaða og tækjakostur yngri barna ekki nægilega góð.
Samstarf við grunnskóla.	Þátttaka og lýðræðisleg áhrif barna ekki nægileg.
Upplýsingaflæði með ferlimöppum.	Verkferlar um líðan barna ekki nógu skýrir og samræma þarf þá á milli deilda. Verkferlar vegna aga og hegðunarmála ófullnægjandi.
	Jafnréttisstefna og eineltisstefna ófullnægjandi svo og móttökuáætlanir vegna erlendra barna.
	Aðkoma foreldra og vitneskja um foreldraráð ekki nægjanleg og skortur er á kerfisbundnum farvegi fyrir þátttöku foreldra.
	Innra og ytra mat ófullnægjandi.
	Einstaklingsáætlanir eru ekki gerðar fyrir alla nemendur sem þurfa á sérkennslu að halda.

13.2. Ógnanir og tækifæri

Tafla 10. Ógnanir og tækifæri leikskólans.

Ógnanir	Tækifæri
Sveiflur í íbúafjölda. Vegna fjölgunar eins árs barna hefur þrengt að í húsnæði. Miklar sveiflur í árgöngum og erfitt að gera langtímaplön.	Samskipti og samstarf við grunnskólann, tónlistarskóla og aðrar stofnanir í grenndarsamfélaginu (t.d. dvalarheimili) – nýta betur fyrirtækin í Grundarfjarðarbæ.
Skortur á fagmenntuðu fólki.	Atvinnusköpun í bænum.
Niðurskurður.	Að sveitarfélagið skoði leiðir til að fjölga fagfólki t.d. í samstarfi við önnur sveitarfélög.
	Stefnumörkun í leikskólamállum hjá sveitarfélagi.

13.3. Tillögur að aðgerðum til úrbóta

13.3.1 Tillögur til úrbóta á aðkomu sveitarfélagsins

1. Sveitarfélagið þarf að setja sér skólastefnu með aðkomu allra hagsmunadila og styðji leikskólann til að laga skólastarf að nýrri aðalnámskrá og endurskoða skólanámskrá.
2. Framkvæma þarf reglulega kerfisbundið ytra mat meðal foreldra, starfsmanna og barna á leikskólanum ásamt því að kynna niðurstöður þess sbr. lög.
3. Finna þarf leiðir til að fjölga leikskólakennurum.
4. Skólalód leikskólans verði tekin út árlega af óháðum aðila sbr. lög. Gert verði áhættumat m.t.t. til staðsetningar lóðar.
5. Skoða þarf betur aðbúnað og tækjakost yngstu barna skólans.
6. Ekki er starfandi leikskólafulltrúi á vegum sveitarfélagsins eða Félags- og skólaþjónustu Snæfells. Úttektaraðilar hvetja til að skoðað sé hvort þörf sé á slíkri stöðu.
7. Leita þarf leiða til að sátt ríki innan leikskólans um stjórnun hans, auka endurgjöf, samstarf við stjórnendur og hvernig má styðja þá og efla í starfi.

13.3.2. Tillögur til úrbóta á starfi skólans

1. Leikskólinn er hvattur til að endurskoða stefnu skólans, skólanámskrá, handbækur og áætlanir með aðkomu allra hagsmunaaðila sbr. lög og aðalnámskrá. Sett verði tímasett aðgerðaráætlun um endurskoðunina.
2. Í tengslum við endurskoðun skólanámskrár þarf að móta skýra stefnu um val á leikefni og efniviði á leikskólanum í samvinnu við alla starfsmenn. Auka má þátttöku barna í vali á leikefni og efniviði á leikskólanum.
3. Í tengslum við endurskoðun skólanámskrár verði hugað að því hvernig auka megi þátttöku barna og lýðræðisleg áhrif sbr. aðalnámskrá.
4. Setja þarf jafnréttisstefnu og stefnu um hvernig tekið skal á eineltismálum og endurskoða eineltisáætlun.
5. Gerðar verði einstaklingsáætlanir fyrir alla nemendur sem þurfa sérkennslu.
6. Sí- og endurmenntunaráætlun verði endurgerð m.t.t. endurskoðunar skólanámskrár, þarfa leikskólans og allra starfsmanna hans. Fagleg umræða um nám og kennsluáferðir skólans verði aukin og mannauður skólans nýttur á þeim sviðum sem styrkleikar hans eru.
7. Stjórnendur leikskólans hugi að bættum stjórnunar- og starfsháttum, auki eftirfylgni, skipulag og skili faglegum og formlegum skýrslum til sveitarfélagsins s.s. ársskýrslu og ársáætlun.
8. Endurskoða þarf verkferla skólans og samræma, t.d. verkferla um mat á líðan barna, móttöku barna af erlendum uppruna, móttöku nýrra starfsmanna og finna nýjar leiðir til að koma upplýsingum á framfæri.
9. Starfslýsingar, þar sem verk- og ábyrgðaskipting stjórnenda kemur skýrt fram, verði gerðar, þær kynntar fyrir starfsfólki og verði þeim aðgengilegar.
10. Upplýsingum og fræðslu um hlutverk foreldraráðs verði komið á framfæri við foreldra, ráðið virkjað og þátttöku foreldra fundinn farvegur.
11. Framkvæmd innra mats verði í samræmi við aðalnámskrá og lög. Skilgreina þarf ábyrgð starfsmanna og stjórnenda, útbúa skýra aðgerðaáætlun, kynna niðurstöður fyrir helstu hagsmunaaðilum og fylgja úrbótum eftir.
12. Úttektaraðilar leggja til að sett verði agastefna fyrir leikskólann sem henti stefnu hans og áherslum með samvinnu allra hagsmunaaðila.

HEIMILDIR

1. *Séróskir_Sólvellir*. Grundarfjörður: Grundarfjarðarbær, 2013.
2. *9. Foreldrahandbók 2*. Grundarfjörður: Leikskólinn Sólvellir.
3. *Námskráin*. Grundarfjörður: Leikskólinn Sólvellir.
4. *Gögn frá stjórnendum*. Grundarfjörður: Leikskólinn Sólvellir, 2013.
5. Matthildur Soffía Guðmundsdóttir. *RE: Húsnæði, skólalóð og aðbúnaður*. Grundarfjörður. Leikskólinn Sólvellir, 2013.
6. *Húsnæði*. [Tölvupóstur] Grundarfjörður: Leikskólinn Sólvellir, 2013.
7. 39. *Ecers II mars 2012*. Grundarfjörður: Leikskólinn Sólvellir, 2012.
8. *Ecers mars 2012*. Grundarfjörður: Leikskólinn Sólvellir, 2012.
9. Matthildur Soffía Guðmundsdóttir. *úttekt*. [Tölvupóstur] Grundarfjörður: Leikskólinn Sólvellir, 2013.
10. *6.b. Neyðar- og rýmingaráætlun*. Grundarfjörður: Leikskólinn Sólvellir .
11. Erindisbréf fyrir fræðslu- og menningarmálanefnd. [Á neti] Grundarfjarðarbær, 19. september 2002. [Tilgreint: 9. apríl 2013.]
http://www.grundarfjordur.is/default.asp?sid_id=11211&tId=1.
12. Starfsfólk. [Á neti] Leikskólinn Sólvellir. [Tilgreint: 9. apríl 2013.]
http://leikskoli.grundarfjordur.is/index.php?option=com_content&view=article&id=49&Itemid=56.
13. Matthildur Soffía Guðmundsdóttir. *1. Gagnalisti Sólvellir*. Grundarfjörður: Leikskólinn Sólvellir, 2013.
14. *Leikskólinn Sólvellir: niðurstöður starfsmannakönnunar 2012*. Grundarfjörður: Grundarfjarðarbær, 2012.
15. Símenntunaráætlun starfsmanna leikskólans Sólvalla 2012-2013. Grundarfjörður: Leikskólinn Sólvellir, 2012.
16. Skólamat 1. Grundarfjörður: Leikskólinn Sólvellir.
17. Skólamat 2. Grundarfjörður: Leikskólinn Sólvellir.
18. Leikskólinn Sólvellir. *Deildir*. [Á neti] 14. maí 2013.
http://leikskoli.grundarfjordur.is/index.php?option=com_content&view=article&id=64&Itemid=62.
19. Leikskólinn Sólvellir. *Aðlögun*. [Á neti] 14. maí 2013.
http://leikskoli.grundarfjordur.is/index.php?option=com_content&view=article&id=67&Itemid=65.
20. Pálsdóttir, Sigríður Herdís. *31. Skýrsla vegna þróunarsjóðs 2008*. Grundarfjörður: Leikskólinn Sólvellir, 2008.
21. Guðmundur Ingi Gunnlaugsson. Jafnréttisáætlun. [Á neti] 9. nóvember 2006.
[Tilgreint: 15. apríl 2013.] http://www.grundarfjordur.is/Files/Skra_0015926.pdf.
22. 2. aðgerðir gegn einelti. Grundarfjörður: Leikskólinn Sólvellir.

23. Foreldrafélagið. [Á neti] Leikskólinn Sólvellir. [Tilgreint: 9. apríl 2013.]
http://leikskoli.grundarfjordur.is/index.php?option=com_content&view=article&id=69&Itemid=67.
24. Félags- og skóláþjónusta Snæfellinga. [Á neti] 15. maí 2013. <http://fssf.is/>.

VIÐAUKAR

Viðauki 1- Heildarniðurstöður starfsmannakönnunar á meðal starfsmanna leikskólans Sólvalla.

Spurning	Mjög ósammála og ósammála	Mjög sammála og sammála
Á mínum vinnustað er lögð áhersla á gæði í störfum og þjónustu	31%	38%
Á mínum vinnustað er lögð áhersla á að starfsmenn miðli þekkingu sín á milli	31%	38%
Á mínum vinnustað eru vinnubrögð til fyrirmyndar	69%	19%
Ég tel að vinnustaðurinn minn hafi góða ímynd út á við	17%	50%
Á mínum vinnustað byggjast samskipti meðal starfsmanna almennt á trausti og virðingu	63%	25%
Ég er ánægð/ur með hvernig tekið er á vandamálum á vinnustaðnum	82%	13%
Góður starfsandi er ríkjandi á mínum vinnustað	63%	12%
Ég er ánægð/ur með upplýsingamiðlun á vinnustaðnum	69%	13%
Ég er almennt ánægð/ur með vinnustaðinn minn	44%	26%
Ég er ánægð/ur með vinnuástöðu mín	38%	38%
Ég upplifi jafnvægi milli vinnu og fjölskylduábyrgðar	13%	69%
Vinnuálag er hæfilegt	75%	12%
Lögð er áhersla á öryggismál á vinnustaðnum	37%	38%
Ég er spurð/ur álits vegna ákvarðana sem snerta starfssvið mitt	19%	44%
Ég tel mig búa við starfsöryggi	0%	75%
Jafnræðis og jafnréttis gætir gagnvart starfsmönnum á mínum vinnustað	50%	26%
Á heildina litið er ég ánægð/ur í starfi mínu	38%	32%
Ég veit til hvers er ætlast til af mér í starfi	6%	75%
Þekking mín og hæfni nýtist vel í starfi mínu	12%	69%
Vinnuframlag mitt er metið að verðleikum af yfirmönnum mínum	38%	44%
Í daglegum störfum mínum fæ ég fullnægjandi upplýsingar til að sinna starfi mínu vel	44%	31%
Ég er ánægð/ur með samskiptin við næsta yfirmann minn (deildarstjóra/millistjórnanda)	13%	63%
Ég er almennt ánægð/ur með stjórnun vinnustaðarins	82%	13%
Ég hef farið í starfsmannasamtal á síðustu 18 mánuðum	32%	63%
Ég er ánægð/ur með samskiptin við bæjarskrifstofu	6%	63%
Ég hef góðan aðgang að kjörnum fulltrúum	19%	31%
Ég stend mig vel í að miðla upplýsingum á mínum vinnustað	0%	69%
Ég hef frelsi til að taka sjálfstæðar ákvarðanir í starfi mínu	32%	44%
Ég hlakka yfirleitt til að fara í vinnuna	38%	26%

Spurning	Mjög ósammála og ósammála	Mjög sammála og sammála
Ég sækist eftir að fá ný og krefjandi verkefni	0%	75%
Ég tel mig geta náð meiri árangri í starfi mínu	0%	100%
Ég er tilbúin/nn að takast á við breyttar vinnuáðstæður og skipulag	0%	100%
Ég hef fengið tækifæri til starfsþróunar og símenntunar á síðustu 12 mánuðum	38%	44%
Ég er ánægð/ur með það hvernig staðið er að fræðslu og þjálfun á vinnustaðnum	44%	37%
Ég sé mig áfram á mínum vinnustað eftir þrjú ár	44%	31%